
Halla Hrund Logadóttir:
**Býr enn að
trúðanámskeiði UMFÍ
á Grænlandi**

Sjálfböðaliðar:
Auðlind íþróttahreyfingarinnar

Hvert stefnir félagið þitt?
Stjórnendur þæla í framtíð
félagasamtaka

26 heppnir spilarar fá
milljón
í jólagjöf



26 heppnir spilarar vinna heila milljón 26. desember
Allir áskrifendur og þeir spilarar sem kaupa 10 raðir eða meira í Lottó,
Vikinglotto eða Eurojackpot eru með í leiknum. Áskrifendur fara meira
að segja í pottinn í hverri viku þangað til við drögum!

Nánar á lotto.is

**EURO
JACKPOT**

**viking
lotto**



Gleðileg jól og farsælt komandi ár



Hafðu það notalegt um jólin

Árlegur jólastyrkur N1 rennur nú til Fjölskylduhjálparinna, Frú Ragnheiðar og Mæðrastyrksnefndar. Við sendum skjólstæðingum þeirra, viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilega hátíð og gæfu á nýju ári.

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ

Breytingar eru hluti af lífinu. Oftast nær eru þær hluti af samfelldu ferli eða þróun, sem gjarna er drifin áfram af tæknilegum framförum, er hefur síðan áhrif á umhverfi okkar og menningu. Yfirleitt gerast breytingar hægt og þannig fléttast þær saman við daglegt líf okkar án þess að við tökum sérstaklega eftir því. Það er því sjaldnast að við áttum okkur á breytingum nema þegar við hugsum til baka og rifjum upp gamla tíma.

Við, sem erum á miðjum aldri, munum þá tíð að fara þurfti í banka til að greiða reikninga. Þá var sjónvarpsdagskráin líka línuleg og fyrirfram ákveðin. Ef einhver missti af dagskrárlið varð við það að sitja enda var útilokað að teygja sig í fjarstýringuna og renna yfir liðið efni. Ungu fólki þykir núna sjálfsgagt að geta greitt reikninga eða millifært peninga hvar og hvenær sem er. Það eina sem þarf er netsamband. Sama má segja um sjónvarp. Við höfum öll einhvern tíma átt okkur uppáhaldsframhaldspætti og beðið mispólinmóð eftir að nýr þáttur birtist í hverri viku. Nú getum við nýtt streymisveitur og hámhörft á heilu þáttaraðirnar á einum degi.

Öðru hverju gerast ófyrirsjáanlegir atburðir sem hafa afgerandi áhrif á líf okkar. Slíkan atburð hafa fræðimenn kallað „Svarta svan“ (Black Swan). Eins og nafnið gefur til kynna er um afar sjaldgæfan atburð að ræða, jafn-

vel eitthvað sem sumir myndu telja útilokað að gæti gerst. Viðburðir af þessu tagi hafa mikil áhrif á daglegt líf okkar og geta haft viðtæk efnahagsleg áhrif á samfélagið.

COVID-19 er Svartur svanur. Við þekkjum öll hvaða áhrif faraldurinn hefur haft á daglegt líf okkar, afleiðingarnar geta komið misjafnlega við okkur, bæði efnahagslega og heilsufarslega en ekkert okkar hefur komist ósnert frá faraldurinum.

Fyrir íþróttahreyfinguna hefur COVID-19 verið þungt högg. Áhrif á starfsemi félanna hafa verið mikil. Æfingar hafa lagst af og viðburðum verið frestað með tilheyrandi missi fyrir iðkendur og tekjutapi félaga. Þá hafa stuðningsaðilar orðið fyrir áföllum sem hafa gert þeim ókleift að standa við samninga.

Samt er mesti skellurinn sá sem þjóðfélagið hefur orðið fyrir. Hann verður ekki metinn til fjár. Börn og unglingar hafa misst af æfingum og því félagslega uppeldi sem íþróttahreyfingin hefur veitt æsku þjóðarinnar undanfarna áratugi. Kannanir hafa margsinnis sýnt fram á mikilvægi iðkunar íþróttar sem forvarna fyrir ungt fólk og brottfall þeirra er mikið áhyggjuefni þar sem það skilar

sér að líkindum í auknum kostnaði samfélagsins í náginni framtíð.

Íþróttahreyfingin hefur engu að síður sýnt mikla hugkvæmni og dirfsku í því að bregðast við breyttum aðstæðum. Með nær engum fyrirvara hafa verið skipulagðar fjaræfingar og iðkendur hafa fengið til sín einstaklingsæfingar með samfélagsmiðlum og öðrum rafrænum hætti. Full ástæða er til að þakka öllu því góða fólki sem lagt hefur hönd á plóg til að gera þetta að veruleika. Það er alls ekki ósennilegt að til framtíðar verði samfélagsmiðlar og rafræn dreifing nýtt til að koma æfingum til skila og gera iðkendum kleift að æfa meira og verða betri íþrótt- og afreksmenn.

Að lokum má ekki gleyma ómetanlegum stuðningi ríkis og sveitarfélaga við íþróttastarfið á erfiðum tímum. Eflaust hafa margir í hreyfingunni skoðun á umfangi stuðningsins og dreifingu hans. Við erum hins vegar öll þakklát fyrir aðstoðina og munum leitast við að nýta hana sem best til góðra verka.

Gleðilega hátíð.

Guðmundur G.
Sigurbergsson,
gjaldkeri UMFÍ



Efnisyfirlit

- 6** Stofnaði deild fyrir uppáhaldsíþróttina.
- 8** Saga Stjörnnunnar.
- 10** Samdi lag um dvölinu í lýðháskóla á nokkrum tungumálum.
- 11** Sýnum karakter hefur jákvæð áhrif.
- 12** Sportabler og Nóramerfið sameinast.
- 22** Risaaðstoð samþykkt á Alþingi.
- 22** UMFÍ greiðir aukaúthlutun Lottó.
- 23** Góður hagur af starfi Getrauna.
- 24** Hvernig varð Umf. Þjóttandi til?
- 26** Hvert stefnir félagið þitt?
- 29** Hvaða reglur gilda um ljósmyndir af iðkendum?
- 30** Stjórnskipulag framtíðarinnar.
- 34** Eineltisstefna Æskulýðsvettvangsins.
- 36** Hreyfivika UMFÍ 2020.
- 38** Hvernig byrjar maður að hlaupa?
- 41** Fengu verðlaun fyrir litla matarsóun.
- 42** Sjálfboðaliðar endurnýja skíðasvæði Mývetninga.



14 Halla Hrund: Byr enn að leikgleði trúðanámskeiðsins á Grænlandi.



20 Bjarni Benediktsson: Miklir hvatar fyrir íþróttafélög.



18 Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi rokkar.



32 Takk, sjálfboðaliðar.



Örugg leið
til að borga á netinu

www.pei.is

Stofnaði deild fyrir uppáhaldsíþróttina

Helgi Jóhannesson flutti með fjölskyldu sinni til Sauðárkróks fyrir þremur árum. Ekki var boðið upp á badmintonæfingar í bænum og því ákvað hann að koma sjálfur á fót æfingum. Nú æfa bæði börn og fullorðnir í Skagafirði badminton.



Pað er ekki á hverjum degi sem nýjar badmintondeildir eru stofnaðar en sá ánægjulegi viðburður átti sér stað á dögunum þegar Helgi Jóhannesson, landsliðsþjálfari í badminton, stofnaði badmintondeild innan raða Ungmennafélagsins Tindastóls á Sauðárkróki.

Aðdragandann að stofnun deildarinnar má rekja til þess að Helgi og fjölskylda hans fluttu norður fyrir tveimur árum. Helgi er auðvitað landsþekktur badmintonspilari. Hann er nú hættur að spila sjálfur en þjálfar bæði unglíngalandsliðið og landsliðið í badminton. Dætur hans voru á þessum tíma níu ára og

sex ára. Þær höfðu æft badminton í nokkur ár og þeim fannst dapurleg tilhugsun að þurfa að hætta í sportinu vegna þess að faðir þeirra, einn fremsti þjálfari landsins, hefði lagt spaðann á hilluna. Hann skildi þetta vel og ákvað að gera eitthvað í málinu.

„Ég leitaði til sveitarfélagsins. Viðtökurnar hjá öllum voru góðar og við fengum úthlutað tímum í íþróttahúsinu. Það hjálpaði mikið því að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af húsnæðinu eins og aðrir sem eru að fóta sig með nýja íþrótt á heimasvæði sínu,“ segir hann og bætir við að mikill almennur áhugi sé á badmintoniðkun í Skagafirði.

Áhugann vantaði heldur ekki hjá yngri iðkendum. Fyrsta árið æfðu um 8–10 krakkar badminton undir handleiðslu Helga. Nú eru að jafnaði 12–16 börn sem æfa tvisvar í viku. Í haust stofnaði Helgi svo badmintondeildina. Það segir hann mikið framfaraskref.

„Stofnun deildarinnar eða félagsins var ekki flókin. Kosturinn við þetta er að starfið verður mun formlegra. Miklu máli skiptir að við það fáum við aðgang að Nóraskráningarkerfinu og aðgang að íþróttahreyfingunni. En þessu fylgir skrifinnaska,“ segir hann og mælir með því að fólk, sem vill auka íþróttaval í sveitarfélagi sínu, horfi frekar til þess að stofna deild í ungmenna- eða íþróttafélagi staðarins.

„Okkur hefur verið vel tekið alls staðar þar sem við höfum komið, hvort sem er af iðkendum, foreldrum, bæjaryfirvöldum eða forsvarsmönnum Tindastóls. Krakkarnir eru mjög duglegir, mæta vel og taka miklum framförum. Vonandi getum við svo farið að skipuleggja keppnisferðir í opin á unglíngamót þegar allt fer af stað aftur. Það verður gaman að mæta með krakkana og halda uppi merki Tindastóls á badmintonvellið,“ segir hann.

Ljóst er að mikill áhugi er á badminton á heimili Helga og konu hans, Freyju Rut Emilsdóttur, sem jafnframt er formaður deildarinnar.

Margar nýjar íþróttadeildir styðjast við einn eða tvo einstaklinga og þekkt er að deildirnar deyjá Drottni sínum um leið og þetta fólk flytur úr sveitarfélaginu.

„Það er eðlilegt að ástríða eins komi hlutum af stað. En það er von okkar að deildin verði ekki háð okkur og lifi áfram,“ segir Helgi og leggur áherslu á að deildin verði sjálfbær svo að hún lifi til frambúðar.

Ekki er víða boðið upp á badminton í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Það er gert á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu en líka á Akranesi, Akureyri, Blönduósi, Hveragerði og Siglufirði.

Skinfaxi 3. tbl. 2020

Skinfaxi, tímarit Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), hefur komið út samfleytt síðan árið 1909. Tímaritið dregur nafn sitt af hestinum fljúgandi sem dró vagn goðsagnarverunnar Dags er ók um himinhvolfið í norrænum sagnaheimi.

RITSTJÓRI

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

ÁBYRGÐARMADUR

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ.

RITNEFND

Gunnar Gunnarsson, formaður, Annas Jón Sigmundsson, Eiður Andri Guðlaugsson, Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson og Soffía Meldal.

PRENTUN

Prentmet Oddi.

LJÓSMYNDIR

Ívar Sæland, Eypór Árnason, Gunnar Gunnarsson, Hafsteinn Snær Þorsteinson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óscar Rybinski, Sabína Steinunn Halldórsdóttir, Ágúst Atlason o.fl.

UMBROT OG HÖNNUN

Indígó.

PRÓFARKALESTUR

Helgi Magnússon.

AUGLÝSINGAR

Styrksöfnun.

FORSÍÐUMYND

Gleði á Unglíngalandsmóti UMFÍ. Þátttakendur á mótinu setja oft saman lið og leggja mikinn metnað í góð og oft skrautleg nöfn á þeim. Næsta Unglíngalandsmót UMFÍ verður á Selfossi um verslunarmannahelgina 2021.

STJÓRN UMFÍ

Haukur Valtýsson, formaður, Ragnheiður Högnadóttir, varaformaður, Sigurður Óskar Jónsson, ritari, Guðmundur G. Sigurbjörgsson, gjaldkeri, Gunnar Gunnarsson, meðstjórnandi, Jóhann Steinar Ingimundarson, meðstjórnandi, og Gunnar Þór Gestsson, meðstjórnandi.

VARASTJÓRN UMFÍ

Hallbera Eiríksdóttir, Lárus B. Lárusson, Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir og Gissur Jónsson.

SKRIFSTOFA UMFÍ/SKINFAXA

Þjónustumiðstöð UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, sími: 568 2929. umfi@umfi.is www.umfi.is

STARFSFÓLK UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa, Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri Landsmóta (með aðsetur á Sauðárkróki), Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi og verkefnastjóri, og Guðbjarna Kristín Þórardóttir, ritari.

UMFÍ

Ungmennafélag Íslands er landsamband ungmennafélaga á Íslandi. UMFÍ var stofnað á Þingvöllum 2. ágúst 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 28 talsins og skiptast í 18 héraðssambönd, 3 íþróttabandalög og 7 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 460 félög innan UMFÍ með rúmlega 300 þúsund félagsmenn.

Getur þú hugsað þér gleðilega hátíð án rafmagns?



Við hjá RARIK óskum viðskiptavinum, samstarfsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkupörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti.

www.rarik.is

 **RARIK**



Ritnefnd um sögu Stjórnunnar, f.v.: Jóhann Steinar Ingimundarson, Snorri Olsen, Anna R. Möller, Erling Ásgeirsson, sem var formaður ritnefndarinnar, og Sigurður Bjarnason.

Farið var að fenna yfir fyrstu ár Stjórnunnar

Ungmennafélagið Stjarnan fagnaði 60 ára afmæli á árinu 2020, m.a. með útgáfu sögu félagsins. Höfundur hennar, Steinar J. Lúðvíksson, hefur setið við skriftir síðastliðin tvö ár. Hann segir fundargerðir ekki hafa verið færðar skilmerkilega til bókar fyrstu árin en lætur söguna lifna við í minningum félagsmanna.

„Það var heilmikið mál að skrifa sögu Ungmennafélagsins Stjórnunnar þótt ekki séu liðin nema 60 ár síðan félagið var stofnað. Ég hafði samband við 100 manns sem hjálpuðu mér og læt raddir þeirra segja söguna. Það gerir hana skemmtilegri fyrir vikið,“ segir Steinar J. Lúðvíksson, ritstjóri og höfundur bókarinnar Skíni Stjarnan. Félagið var stofnað árið 1960 og var ráðist í sagnaritun og útgáfu bókarinnar í tilefni af 60 ára afmæli þess.

Um tvö ár tók að skrifa sögu Stjórnunnar og fór mikill tími í að leita mynda og finna nöfn á þær. Við sagnaritunina studdist Steinar við ýms söguleg gögn, fundargerðir og fleira auk þess að ræða við um 100 manns, eins og áður sagði. Fundargerðirnar segir hann ekki áreiðanlegar enda ljóst að þær hafi ekki verið færðar nógu vel til bókar fyrstu árin. Margir heimildarmanna Steinars eru eldra Stjórnufolk, sem var á unglingsárum á fyrstu árum félagsins.

Steinar segir fyrstu ár Stjórnunnar um margt lík fyrstu skrefum annarra félaga af svipuðu tagi.

„Stjarnan var stofnuð sem almennt æskulýðsfélag. Félaginu var fljótlega breytt í ungmennafélag því að íþróttafólk úr Stjórnunni þurfti að

vera í einhverju sambandi eða íþróttabandalagi til að vera gjaldgengt á íþróttamótum. Til að þetta væri hægt þurftu íþróttafólkið og félagið að vera aðili að ÍSí en gátu það ekki beint sem félag. Valið stóð þá á milli þess að ganga annað hvort í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) eða Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK). UMSK varð ofan á,“ segir hann.

Fólk studdi félag sitt – ekki Stjórnuna

Það var Stjórnunni erfitt fyrstu tuttugu árin að fá fólk í stjórn félagsins, ráð og nefndir. Ástæðuna fyrir því segir Steinar að fólk, sem flutt hafi í Garðabæ á fyrstu árum félagsins, hafi komið víða að af höfuðborgarsvæðinu og stutt áfram gamla félagið sitt.

„Fólk, sem flutti í Garðabæinn, var Valsarar, KR-ingar og fleiri af ýmsum svæðum. Það var ekki fyrr en börn þessa fólks, önnur kynslóð Garðabæinga, fór að stunda íþróttir sem foreldrarnir fylgdu með og fóru að vinna fyrir félagið,“ segir Steinar. Hann hefur sjálfur lengi verið í stússi fyrir Stjórnuna, en ekki af alvöru fyrr en sonur hans hóf að æfa með félaginu. Þá var Stjarnan 15 ára.

Það er svo auðvelt að velja þig því að þú ert fremst í stafrófinu

Erfiðlega gekk í upphafi að fá fólk í ráð og nefndir hjá Stjórnunni. Anna R. Möller, fyrrverandi formaður Stjórnunnar, sem jafnframt sat í ritnefnd bókarinnar, segir það skýrast af því að Stjarnan hafi verið stofnuð þegar Garðabær var að mótast sem þéttbýli og heil sextán ár þar til sveitarfélagið fékk kaupstaðarréttindi. Nýir Garðabæingar komu af öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þeir studdu enn við gamla félagið sitt og börnin æfðu iðulega áfram með þeirra gamla félagi.

Anna segir nokkuð skondið hvernig það kom til að hún fór að vinna fyrir Stjórnuna. „Það var árið 1985. Þá var ég heimavinnandi með lítið barn. Elsta dóttir mín var í fimleikum. Hún hafði verið í Ármanni en flutti sig yfir í Stjórnuna árið eftir að deildin var stofnuð

þar. Ein vinkvenna minna sagði okkur einn daginn að nú stæði hún ein eftir í stjórn fimleikadeildar Stjórnunnar og spurði hvort við vildum hjálpa sér. Ég sagði henni að ég hlyti að geta gert eitthvað. Ég var eftir þetta alla daga í íþróttahúsinu að hjálpa við að taka út áhöld, rukka æfingagjöld og ýmislegt fleira. En svo fara smátt og smátt stjórnarmenn í aðalstjórn og starfsmaður félagsins að spyrja mig um hitt og þetta. Ég svaraði þeim eftir bestu getu en spurði auðvitað af hverju alltaf væri hringt í mig, ég væri nýbyrjuð og vissi í raun ekki neitt.

Svarið var svona: „Það vill enginn vera formaður. Þú heitir Anna. Það er svo auðvelt að velja þig því að þú ert fremst í stafrófinu. Upp úr því varð ég formaður fimleikadeildarinnar,“ segir hún.

UMFÍ



UNGLINGALANDSMÓT

Selfossi 29. júlí - 1. ágúst 2021

Ítarlegri upplýsingar og skráning á ulm.is



Samdi lag um dvölinna í lýðháskóla á nokkrum tungumálum



Jón Páll Magnússon er einn fjölmargra Íslendinga sem hafa farið í lýðháskóla í Danmörku. Jón skilaði frumlegri skýrslu um dvöl sína í skólanum.

„Ég ákvað að semja lag um upplifun mína af því að dvelja hér og lék mér aðeins með tungumálin sem ég tala í skólanum,“ segir Jón Páll Magnússon, nemandi við Idrættshøjskolen í Árósum í Danmörku. Skólinn er íþröttalýðháskóli. Lagið flutti Jón Páll fyrir nemendum í sal skólans. Flutningurinn var tekinn upp á vídeó og sendi hann lagið inn til UMFÍ sem skýrslu um dvöl sína í skólanum.

Markmiðið að gefa ungu fólki tækifæri

UMFÍ og Højskolernes Hus í Kaupmannahöfn eru með samstarfs-samning um verkefni tengt námsdvöl íslenskra ungmenna í dönskum lýðháskólum. Højskolernes Hus heldur utan um alla lýðháskóla í Danmörku og því er námsframboðið, sem íslenskir nemendur geta valið úr, ansi fjölbreytt. Markmið með styrkveitingunni eru að gefa ungu fólki tækifæri til að víkka sjóndeildarhring sinn og gefa því kost á að kynnst af eigin raun nýju tungumáli og menningu, auka færni sína og þekkingu á völdu sviði í gegnum óformlegt nám og styrkja leiðtogaþæfileika sína um leið.

Nemendur, sem fara utan og hafa sótt um styrk fyrir dvölinni hjá UMFÍ, þurfa að skila tveimur skýrslum um dvölinna. Þeim er nokkuð í sjálfsvald sett hvernig formið á skýrslunum er.

Lagið, sem Jón Páll sendi inn, var fyrsta skýrsla hans til UMFÍ. Textinn er á íslensku, ensku og dönsku. Jón sækir m.a. tíma sem kallast „Sangskrivning“ eða lagasmíðar upp á íslensku.

Áður en Jón Páll fór utan var hann spurður ýmissa spurninga um skólann, m.a. hvernig hann frétti af honum.

Jón heyrði af lýðháskólanum frá vini sínum úr grunnskóla sem fór í íþröttalýðháskólann ári fyrr og talaði vel um hann. „Ég ákvað að fara í lýðháskóla og kynnti mér skólana sem voru í boði á højskolerne.dk. Þar valdi ég þennan skóla. Ég hlakkaði til að kynnst nýrri menningu, nýju tungumáli og nýju fólki. En ég vildi líka fá að rækta eigin hæfileika og takast á við ýmsar áskoranir. Í vor dvaldi ég í skólanum, en eftir einungis tveggja mánaða dvöl voru allir nemendur skólans sendir heim vegna COVID-19 faraldursins,“ sagði hann.

Texti og gítargrip lagsins sem Jón Páll samdi:

A F#
I wake up at syv AM
Hm E
and get out of my seng
A F#
Held af stað í morgunmad
Hm E
og fer síðan í bad
A F#
What will this day bring
Hm E
I'll find that out at morgensamling
A F#
Kannski spil' en fodboldkamp
Hm E
og skora jafnvel mark - með skalla

(Bridge)
D E
Já, hér er stuð, svo komdu með
D E
Þú eignast vini og finnur kærlighed
D E
Ég frétti af þér og tækifærið greip
D E A
Því mig langað' að upplifa fællesskab

(Chorus)
F# Hm
Það er snilld
E A
Að vera í lýðháskóla
F# Hm E
Það er snilld

(Verse)
A F#
Here is music everywhere
Hm E
so I learned to play klaver
A F#
Fékk að spila í hljómsveit
Hm E
det sejeste sem ég veit
A F#
Use my cykel in Aarhus
Hm E
there is Plukken givin' snus
A F#
Ég vil aldrei segja bæ
Hm E
því allir er' að hygge sig – og kalla

(Bridge)
D E
Já hér er stuð, svo komdu með
D E
Þú eignast vini og finnur kærlighed
D E
Ég frétti af þér og tækifærið greip
D E A
Því mig langað' að upplifa fællesskab

(Chorus)
F# Hm
Það er snilld
E A
Að vera í lýðháskóla
F# Hm E
Það er snilld

Styrkir frá UMFÍ

UMFÍ greiðir þeim sem fara í lýðháskóla í Danmörku styrki eftir á, þ.e. þeim sem fóru á þessu ári (2020) í júlí 2021.

Til þess að uppfylla kröfur, sem eru gerðar til að fólk fái styrkinn, þurfa umsækjendur að skila eftirfarandi verkefnum:

- Verkefni að eigin vali á meðan námsdvöl stendur. Umsækjendur geta valið um að skila inn stuttu myndbandi, teiknimyndaseríu, lagi eða texta sem felur í sér upplifun eða reynslu af náminu. Skilafrestur er til 15. nóvember 2020 og 15. mars 2021.
- Stutt lokaskýrsla sem felur í sér upplifun og lærdóm af náminu. Jafnframt þarf að fylgja með staðfesting á námsdvöl frá skólanum. Skilafrestur er til 10. janúar og 25. júní 2021.
- Þeir nemendur sem hljóta styrk fyrir heilt skólaár (40+ vikur) þurfa jafnframt að standa skil á kynningu um skólann sinn: Hvað hefur skólinn upp á að bjóða? Skilafrestur er til 15. mars 2021.



Í nóvember árið 2018 hélt dr. Chris Harwood, íþróttasálfræðingur við Loughborough-háskóla í Bretlandi, fyrirlestur um hugmyndafræðina The 5C's og með hvaða aðferðum hægt sé að innleiða aðferðafræðina í íþróttafélög. Vinnustofur voru haldnar í tengslum við heimsókn Harwoods hingað til lands. Á myndinni má sjá Chris Harwood á námskeiðinu.

Sýnum karakter hefur jákvæð áhrif á íþróttastarf barna og unglunga

Verkefnið Sýnum karakter hlaut tæplega 30 milljóna króna styrk úr Erasmus+ styrkjaáætlun Evrópusambandsins.

„Það er afskaplega mikilvægt fyrir áframhaldandi þróun á árangursríkri íþróttþjálfun barna og unglunga hér á landi að rannsaka hvort inngrípið virki og þá hvernig,“ segir Hafrún Kristjánsdóttir, deildarforseti íþróttfræðideildar Háskólans í Reykjavík. Skólinn er samstarfsaðili að verkefninu Sýnum karakter, sem hefur hlotið tæplega 30 milljóna króna styrk úr Erasmus+ styrkjaáætlun Evrópusambandsins.

Styrkurinn er til tveggja og hálfis árs og er gert ráð fyrir að haldin verði námskeið og vinnustofur í hugmyndafræðinni, fyrir þjálfara, iðkendur og foreldra þeirra sem eru þátttakendur í verkefninu.

Samstarfsaðilar að verkefninu eru ÍSÍ og UMFÍ, ásamt Loughborough-háskóla í Bretlandi, Háskólanum í Reykjavík, Knattspyrnusambandi Íslands og Fimleikasambandi Íslands. Aðferðafræðin verður prófuð meðal 11 til 17 ára iðkenda í tveimur íþróttafélögum, einni deild í knattspyrnu og annarri í fimleikum. Vísindamenn við Háskólann í Reykjavík og Loughborough-háskóla munu leiða rannsóknarvinnu í tengslum við verkefnið, og rannsaka áhrif innleiðingarinnar á iðkendur, foreldra og þjálfara.



Hafrún Kristjánsdóttir, deildarforseti íþróttfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

Hafrún segir styrkinn mjög mikilvægan og að hann muni hafa jákvæð áhrif á íþróttastarf barna og unglunga.

Ítarlegar upplýsingar: www.synumkarakter.is



Sýnum karakter er samstarfsverkefni sem ÍSÍ og UMFÍ hleyptu af stokkunum í október 2016. Verkefnið snýst um að þjálfra fimm þætti í sálrænni og félagslegri færni barna og unglunga í íþróttum eins og þá

líkamlegu. Þessir þættir eru skuldbinding, samskipti, sjálfstraust, sjálfsági og einbeiting, á ensku *Commitment, Communication, Confidence, Self-Control* og *Concentration*. Þetta eru hin svokölluðu fimm C (The 5C's), en þetta kerfi var upphaflega þróað af íþróttasálfræðingnum Dr. Chris Harwood við Loughborough-háskólann í Bretlandi og eru mikil líkindi með því og íslenska verkefninu Sýnum karakter.



Sportabler og Nóri sameinast í einstökum hugbúnaði

Framkvæmdastjóri Sportabler segir sameinað lausnaframboð Sportabler og Nóra geta veitt íþróttafélögum, sveitarfélögum og háskólasamfélaginu verðmætar upplýsingar um stöðu íþróttastarfs.

„Við höfum verið að færa stjórnendum íþróttafélaganna þessar fréttir og fengið gríðarlega góð viðbrögð. Stjórnendur félaganna eru líka mjög sáttir við að fá eitt gott kerfi til að vinna með,“ segir Markús Máni Michaelsson Maute, framkvæmdastjóri og annar stofnenda Sportabler.

Fyrirtækin Greiðslumiðlun og Abler hafa náð samkomulagi um að samtvinnu lausnaframboð sitt á sviði hugbúnaðar fyrir íþrótt- og tómstundastarf. Þetta hefur í för með sér að Nórákerfið og Sportabler verða sameinuð í einu fyrirtæki. Markmiðið er að bæta þjónustu við viðskiptavini í einu öflugu þjónustu- og hugbúnaðarfyrirtæki.

Vinna betur saman

Markús segir sameininguna eiga sér þó nokkurn aðdraganda, enda hafa báðir aðilar lengi vel séð mikil tækifæri í því að starfa saman.

„Við höfum öll mikinn metnað og áhuga á skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Þetta skref gerir okkur kleift að hugsa stærra og þróa frekari virðisaukandi lausnir til að þjónusta félögin og styðja við það samfélagslega mikilvæga starf sem unnið er innan hreyfingarinnar á hverjum degi. Það má einnig segja að á vissan hátt séum við að bregðast við ákalli markaðarins um heilstætt þjónustuframboð og „eitt kerfi“ til að vinna með.

Starfsmenn sameinaðra fyrirtækja munu næstu daga og vikur vinna að því að samþætta lausnirnar og verða breytingar kynntar síðar.

Sameining opnar mikla möguleika

Markús er mjög spenntur fyrir þessum breytingum.

„Það er gríðarleg reynsla og þekking í Nóra og meðal fólksins sem að honum stendur – ég hef því verið að meðtaka mikið undanfarna daga. Fólk er kannski farið að gleyma því hvað Nórákerfið var í raun mikil bylting fyrir íþróttafélögin þegar skráningarkerfið kom til sögunnar. Með tilkomu Nóra urðu ákveðin vatnaskil í því hvernig skráningar- og innheimtumálum er háttað hjá íþróttafélögum. Söguleg gögn sýna að skráningar og tekjur af æfingagjöldum hækkuðu um 15–25% hjá félögum eftir að Nóri kom til sögunnar. Þessa auknu tekjur hafa félögin getað nýtt til rekstrar og fjárfestingu í þjónustu og innviðum,“ segir Markús Máni.

„Við hjá Sportabler höfum lagt áherslu á að þjónusta þjálfara, iðkendur og foreldra með notendavænum lausnum sem tengja hagsmunaaðila saman með gagnvirkum snertifleti. Mælingar sýna að appið er í afar tíðri notkun hjá fólki sem eflir starfsumhverfið til muna. Þessi sameining opnar á ótal möguleika í framtíðinni. Það má áætla að í samein-



Markús Máni Michaelsson Maute, framkvæmdastjóri Sportabler.

ingu þjónustum við yfir 95% af íþróttaiðkun barna- og unglinga á Íslandi. Við sjáum mikil tækifæri til að fara dýpra í þjónustuna og verðum fær um að veita afar góðar upplýsingar um þróunina í skipulögðu íþróttastarfi, sem bæði starfsfólk sveitarfélaga, stjórnendur íþróttafélaga og háskólasamfélagið getur nýtt sér á marga vegu,“ segir Markús Máni og hvetur til samvinnu við sem flesta hagsmunaaðila innan hreyfingarinnar um þetta verkefni.

„Í raun getum við veitt íþróttahreyfingunni og þeim sem vilja rannsaka stöðuna upplýsingar nokkurn veginn á rauntíma á t.d. nýliðun eða brottfalli, kallað fram stöðu eftir póstnúmerum og séð til hvaða hópa þarf að ná betur. Þá getum við líka séð hvað virkar og hvað virkar ekki, hvaða umgjörð og aðferðafræði heldur iðkendum lengur í íþróttum, eða hvað kann að leiða til þess að iðkendur hætta. Íþrótt- og tómstundastarf er samfélaginu gríðarlega verðmætt og nú getum við verið enn gagnadrifnari í allri framþróun, samvinnu og miðlun þekkingar. Samhliða þessu vinnum við hörðum höndum að nýrri og spennandi þjónustu sem við munum kynna fyrir félögum á næstu misserum.“

Greiðslumiðlun

- **Sportabler** er sprotafyrirtæki sem stofnað var árið 2017.
- Sportabler hjálpar stjórnendum íþróttafélaga við að skipuleggja starfið, taka við greiðslum og skráningum og eiga í samskiptum við þjálfara og foreldra.
- Notendur eru um 70 þúsund.
- Stofnendur eru þeir Markús og Jóhann Ölvir Guðmundsson. Jóhann býr á Íslandi en Markús er hér með annan fótinn því að fjölskylda hans býr í Þýskalandi. Viðtalið við Markús var einmitt tekið þegar hann var nýkominn til Þýskalands fyrir jólin. Forritarar eru bæði á Íslandi og í Úkraínu.
- Þegar fyrirtækið var að stíga fyrstu skrefin var þarfapíramídi íþróttastarfsins skilgreindur. Þar kom í ljós að mesta þörfin snýr að rekstri, skipulagi, umsýslu, innheimtu, stjórnun og samskiptum.
- Markús sagði í samtali við Viðskiptablaðið í október 2020 íþróttahreyfinguna drífna áfram af fólki fullu af eldmóði sem brenni fyrir íþróttum og vilji hjálpa iðkendum til að komast hærra og lengra. Á sama tíma einkenni það grasrótarstarfið að þar sé skortur á fjármagni, tækjum og tólum. „Sjálfbóðaliðar, þjálfarar og starfsfólk eiga það til að hnoðast áfram á grunnþrepi þarfapíramíðans, og þeim tekst því ekki að sinna efri þrepum eins vel og þau vildu. Keppikefli okkar undanfarin ár hefur því verið að nýta tæknina og ráðast á margar þær hindranir sem koma fyrir aftur og aftur og draga úr hraðari framþróun innan íþróttahreyfingarinnar.“



NÓRI

DMS Skráningar og greiðslukerfi

- **Nóra-kerfið** kom á markað 2011. Það er hannað og smíðað af starfsfólki með mikla reynslu af starfsemi íþróttafélaga.
- Nóri auðveldar uppsetningu námskeiða, m.a. íþróttafélaga, og utanumhald um þau, s.s. skráningu þátttakenda, innheimtu gjalda og uppgjör.
- Greiðendur skrá sjálfir allar upplýsingar og ganga frá greiðslum. Hægt er að velja greiðslumáta, þ.e. hvort greitt er með greiðslukorti eða hvort greiðslukrafa er send í heimabanka.
- Beintenging er við frístundakerfi sveitarfélaga.
- Hægt er að bæta vefsölu við Nóra og selja m.a. fatnað, miða á leiki og margt fleira.

UMFÍ



LANDSMÓT 50+

Borgarnesi 11. - 13. júní 2021

Nánari upplýsingar og skráning á umfi.is





HALLA HRUND LOGADÓTTIR

Býr enn að leikgleði trúðanámskeiðsins á Grænlandi

Halla Hrund Logadóttir hefur farið vítt og breitt um heiminn og lært og starfað allt frá Afríku til Belgíu og Japan. Hún er í forsvari fyrir stuðningsnet kvenna og kennir við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum en þar stýrir hún fyrsta náms- og rannsóknarvettvangi í skólanum sem tengist breytingum á norðurslóðum. Halla segir trúðanámskeið, sem hún stýrði fyrir UMFÍ, grunninn að mörgu því sem hún gerir nú.

„Ef maður er með góða hugmynd er alltaf spennandi að framkvæma hana. Stundum er verkefnið of stórt og virðist óviðráðanlegt. Þá er nauðsynlegt kunna aðferðir til að einfalda hlutina og halda af stað. Það lærði ég hjá UMFÍ,“ segir Halla Hrund Logadóttir.

Halla var í Kvennaskólanum í Reykjavík um síðustu aldamót þegar hún rak augun í auglýsingu frá UMFÍ sem óskaði eftir starfsmanni fyrir leiklistarverkefni. Aðferðin var nokkuð nýstárleg á þessum tíma enda tilraun. Í henni fólst að leita út fyrir raðir UMFÍ að þátttakendum í alls konar verkefni.

Halla fór í viðtal hjá Valdimari Gunnarssyni, sem þá var fræðslustjóri UMFÍ en er núna framkvæmdastjóri Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK). Ekkert varð úr verkefninu og Halla fékk ekki starfið. En Valdimar hringdi í hana nokkur síðar og bað hana um að halda utan um annað verkefni á vegum UMFÍ.

„Valdimar sagðist vera með annað verkefni sem tengdist Vest-Norden Ungdoms Forum, samstarfsvettvangi ungmennafélaga á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Þetta var óvirkt samstarf á þessum tíma sem þurfti að blása lífi í og Valdimar spurði hvort ég vildi ekki leiða vinnuna,“ segir Halla en viðurkennir, að hún hafi ekki verið með skýra mynd af því hvað hún væri að fara út í. Hún var tiltölulega nýskriðin yfir tvítugt, og hana langaði að takast á við ný verkefni. Hún ákvað því að taka boðinu.

Allt verður betra með samvinnu

Halla, Valdimar og athafnamaðurinn Greipur Gíslason, sem um þetta leyti var verkefnastjóri hjá UMFÍ, hófu að þróa hugmyndir.

„Við komum okkur fljótlega saman um að þetta yrði leiklistarverkefni með þátttakendum frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Þetta var mikil reynsla, ekki síst ferðalagið sem fólst í því að þróa hugmyndina og gera hana að veruleika,“ segir Halla og viðurkennir að þarna fyrst hafi hún áttað sig á UMFÍ.

„Ég áttaði mig þarna enn betur á mikilvægi samvinnunnar og því sem hún skilar. Maður þarf ekki að vera með meira en hugmynd og vilja til að vinna með öðru fólki til að láta hlutina gerast. Lærdómurinn af verkefninu fólst líka í því að taka þátt, ekki endilega í einhverju sem maður þekkir manna best heldur einhverju nýju sem maður lærir af. Það varð einmitt svolítið ferðalag út fyrir þægindarammann og niðurstaðan varð sú að við settum af stað trúðanámskeið fyrir ungt fólk frá þjóðunum þremur, á aldrinum 18–24 ára, á Grænlandi,“ segir Halla enn fremur, sem hafði bæði farið á leiklistarnámskeið og trúðanámskeið en hvorki á sama námskeiðinu í einu né í öðru landi.

Teymið vann hörðum höndum að því að ýta verkefninu úr vör. Kennarinn, sem varð fyrir valinu, var frá virtasta trúðaskóla Danmerkur. Síðan átti að gera heimildarmynd um námið. Þótt námskeiðið hafi gengið

vonum frammar dagaði myndin uppi og vita fáir, sem rætt hefur verið við, hvað hafi orðið um upptökur. Þær hafa í það minnsta aldrei litið dagsins ljós.

Finnið ykkar innri trúð

Trúðanámskeiðið á Grænlandi var heldur framandlegt á þessum tíma enda ekki mikið um ferðir þangað.

„Þetta var mjög spennandi,“ segir Halla og rifjar upp að þarna hafi hugtakið norðurslóðir ekki verið til eða mikið notað, hvað þá samstarf þjóða á þessu svæði. Aðeins hafi verið um að ræða samstarf smáþjóða sem mörgum þótti áhugavert.

Námskeiðið var haldið í þorpinu Qaqortoq í júní 2004. Flogið var til Grænlands en siglt til bæjarins sem er suðaustanmegin í landinu og dvalið þar í eina viku.

„Ég man alltaf eftir andartakinu þegar þessi háalvarlegi trúður, kennarinn okkar, lét okkur fá rauðu nefin, benti síðan upp í brekku fyrir ofan bæinn þar sem við vorum stödd og sagði: „Farið upp á fjallið þarna og finnið trúðinn í ykkur sjálfum.“ Við vorum öll með flugnanet til að verjast mýi og trúðanef undir því. Síðan gengum við upp á fjallið og fundum okkar innri trúð. Algjörlega surrealistískt. Við hlæjum enn að þessu.“

Hver og einn þátttakandi þurfti að þróa sinn trúð á námskeiðinu og gefa honum nafn. Halla man enn, þótt nú séu bráðum liðin 20 ár frá trúðanámskeiðinu, að trúðurinn hennar fékk nafnið Dídí og var rússneskur.

„Námskeiðið gekk alveg ótrúlega vel og við vorum í karakter alla vikuna, jöggluðum og lærðum alls konar sirkuskúnstir í stífu prógrammi frá morgni til kvölds,“ segir Halla.

Þátttakan er lykilatriði

Halla segir starf sitt hjá UMFÍ, tengt skipulagningu trúðanámskeiðsins, hafa kennt sér margt sem hún nýti sér enn í dag.

„Við þurftum að móta hugmynd frá grunni, vinna að því að fjármagna hana og framkvæma frá upphafi til enda. Það hafði mjög mótandi áhrif á mig svona unga. Líka það að fá traust til að leiða hlutina. En það sem skipti máli var að ég sá að allt var hægt. Valdimar stóð auðvitað þétt við bakið á okkur, og við lærðum mikið af því hversu lausnamiðaður og jákvæður hann var. Það var gaman að koma þessu á koppinn!“

Trúður ferðast um heiminn

Eftir að vinnu Höllu á námskeiðinu á Grænlandi lauk tók lífið við. Halla útskrifaðist úr stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 2005, þá 24 ára, og stofnaði í framhaldi af því menntaverkefni í formi heimasíðu um alþjóðamál til að efla áhuga almennings á alþjóðamálum.

Halla hafði svo sannarlega nægan áhuga á þeim. Hún fór fljótlega erlendis og vann í þrjú ár fyrir íslenska utanríkisráðuneytið í Brussel í Belgíu. Þar nýtti hún áfram lærdóminn af undirbúningi námskeiðsins fyrir UMFÍ.

„Þarna úti kom upp hugmynd um að vera með markaðsátak tengt Íslandi. Landið var á þessum tíma ekki eins þekkt sem áfangastaður ferðamanna og nú er og hingað komu mun færri en síðar átti eftir að verða. Þá fór ég í það að fjármagna markaðsátakið. Það gerði ég eigin-



Halla Hrund og vinkona hennar bregða á leik á trúðanámskeiðinu.

lega með sama hætti og trúðanámskeiðið, umsvifin voru bara meiri. Þegar á allt var litið var þetta eins – bæði verklagið og jákvæði ungmennafélagsandinn sem þurfti í ferlinu. Þarna vann ég bæði verkefni tengd ESB, landkynningum, orkumálum, sjávarfangi, listum, menningu og mörgu fleiru. Við fluttum út syningar á vegum Þjóðleikhússins, Listasafns Íslands, Iceland Airwaves og fleiri aðila, og þetta kynningarátak stóð yfir í á annað ár. Það var saman að sjá hversu mikil tækifæri þetta skapaði fyrir Ísland.“

Eins og þetta hafi verið nóg? Nei, aldeilis ekki. Eftir þrjú ár í Brussel flutti Halla til Tógó í Vestur-Afríku og fór að vinna með þarlandum bændum að því að markaðssetja vörur þeirra í samkeppni við innflutt hrisgrjón. Samhliða því kenndi hún við háskólann í höfuðborginni Lomé.

Nú hlakupum við hratt yfir sögu. Halla hefur unnið við margt skemmtilegt síðan á trúðanámskeiðinu, ferðast um heiminn, lært í Bretlandi, París, Japan og þróunarhagfræði í Bandaríkjunum, eignast börn og buru og hefur nú síðastliðin fimm ár búið með fjölskyldu sinni í Boston í Bandaríkjunum. Þar stýrir hún náms- og rannsóknaveitvangi um norðurslóðir við Harvard ásamt því að kenna við skólann.

Ævintýrin bíða þín!
Spennandi námskeið erlendis á vegum UMFÍ

Námskeiðin eru ætíð ungu fólki, 16–25 ára. Njótt skilið er til að kynast nýjum vinum, efla sjálfskost og birta tungumálakunnáttu.

Grænland
Leiklistanámskeið í Grænlandi, 25. júní – 6. júlí
Útvarpsnámskeið í Danmörku, 27. júní – 4. júlí
Lektíur í Danmörku, 27. júní – 4. júlí
Lektíur í Finnlandi, 27. júní – 4. júlí

Danmörk
Námskeiðin eru ætíð ungu fólki, 16–25 ára. Njótt skilið er til að kynast nýjum vinum, efla sjálfskost og birta tungumálakunnáttu.

Finnland
Námskeiðin eru ætíð ungu fólki, 16–25 ára. Njótt skilið er til að kynast nýjum vinum, efla sjálfskost og birta tungumálakunnáttu.

UMFÍ

Leiklistaævintýri á Grænlandi 2004

Götuleikhúsnámskeið ætlað ungu fólki frá 18–24 ára, 25. júní – 2. júlí 2004

Vilt þú taka þátt í spennandi námskeiði? Ert þú á aldrinum 18–24 ára og hefur áhuga á leiklist? Frá 25. júní til 2. júlí verður haldið námskeið í götuleikhúsvinnu í Qaqortoq á Grænlandi.

Þátttakendum er ungt fólk frá Færeyjum, Íslandi og Grænlandi. Tungumálið verður danska.

Upplýsingar:
Færeyjar: FUR fur@post.lolivaet.fo
Ísland: UMFÍ umfi@umfi.is
Grænland: SORLAK sorlak@greenet.gl

Vest Norden Ungdomsforum

„Þegar margir vinna að sama málinu verður vandamálið einfaldara viðfangs og áhrifin meiri. Þetta er alveg sama hugsunin og hjá UMFÍ.“



Mikilvægi norðurslóða

Halla segir störf sín á sviði loftslags- og umhverfismála vekja oft upp minningar um Grænlandsförina og eigi eflaust hlut að því að hún vinni núna mikið tengt landinu, með stjórnvöldum jafnt sem stofnunum á Grænlandi. Þá kennir Halla norðurslóðanámskeið við Harvard-háskóla. Hún segir miklar breytingar fram undan þegar hlýnar á svæðinu og hafisinn bráðnar.

„Ég held að allir, sem hafa áhuga á framtíð Íslands, ættu að beina sjónum sínum að þessum málaflokki. Við fáum stjórnmalaleiðtoga, fræðimenn og ungt fólk að vettvanginum til að koma saman, skoða málin vel og kynna tillögur að úrbótum,“ segir hún.

„Það er mikið að gerast á norðurslóðum og margt sem mun gerast þar í framtíðinni. En ég tók eftir því á sínum tíma að margir voru að vinna að því einir og sér reyna að leysa þau risastóru vandamál sem tengjast loftslagsmálum á norðurslóðum. Þetta voru flest allt litlir aðilar. En þá kom sér vel lærdómurinn frá UMFÍ. Ég stofnaði vettvanginn um norðurslóðir við Harvard til að fá þá sem vinna að málinu að borðinu og stækka þar með hópinn. Þegar margir vinna að sama málinu verður vandamálið líka einfaldara viðfangs og áhrifin meiri. Þetta er alveg sama hugsunin og hjá UMFÍ,“ segir hún.

Nú starfa 18 manns í þverfaglegu teymi við miðstöð norðurslóða við Harvard, í samstarfi við háskóla, stjórnvöld og stofnanir um víða ver-

öld. Málin eru fjölbreytt og ólík. Meðal þeirra eru breytingar á hafinu vegna loftslagsbreytinga, menning fólks í löndum sem landamæri eiga að norðurslóðum, réttindi frumbyggja, menntun og margt fleira. Að borði norðurslóðavettvangsins koma leiðtogar fjölda sviða, háskólanemendur og fleiri, sem tengjast norðurslóðum á einn eða annan hátt, til að leysa málin saman.

Lærdómur UMFÍ

Halla segir að á þeim stutta tíma sem hún hafi komið að götulistu- og trúðanámskeiði UMFÍ á Grænlandi fyrir næstum 20 árum hafi hún lært mikið. Það hafi verið lærdómur til lífstíðar:

„Í fyrsta lagi lærði ég að ef maður ætlar að koma einhverju í verk þarf að vinna með mörgum. Gott verk byggir allt á samvinnu margra. Töfrarnir felast síðan ferðalaginu sjálfu,“ segir Halla og bætir við að sig hefði aldrei grunað, þegar hún fór á fyrsta fund sinn með UMFÍ, hvert samtalið gæti leitt hana.

„Í þessu tilviki hefur leiðin heldur betur verið góð,“ segir Halla og bætir við að hugsun UMFÍ sé leiðarljós og nýtist vel.

„Leikgleðin verður að vera í fyrirrúmi. Maður verður einfaldlega að hafa hjartað á réttum stað og hafa gaman af verkefnum sem maður vinnur. En þá má líka ekki verða of langt í trúðinn,“ segir Halla Hrund Logadóttir.

Úr sveit í stórborg

Halla segist ung hafa farið heyrnt um Ungmennafélag Íslands og sambandsaðila þess.

„Þótt ég sé úr Árbænum var ég alltaf með annan fótinn hjá afa og ömmu í Hörgslandskoti á Siðu. Þar var ég vinnumaður öll sumur til tvítugs. Þarna var það sem ég heyrði ungmennafélagssögurnar enda voru mamma og systir hennar félagar í Ungmennafélaginu Ármanni sem var í USVS (Ungmennasambandi Vestur-Skaftfellinga). Ég hélt alltaf að Ungmennafélag Íslands væri aðeins tengt íþróttum og það var ekki fyrr en ég fór að skipuleggja námskeiðið á Grænlandi að ég komst að því hvað það vinnur á mörgum ólíkum sviðum.“





Hittir enn gamla trúðavini

„Það urðu einhverjir töfrar á Grænlandi. Töfrarnir felast í því þegar ungt fólk kemur saman og vinnur að einhverju sem mótar það. Ég bý enn að þessu ævintýri enda varð þar til vinátta og tengsl sem ég get treyst á enn 20 árum síðar. Það auðveldar alla vinnu mína að ég skuli geta tekið upp símann og hringt í einhvern sem var með mér á námskeiðinu en er nú í ráðandi stöðu,“ segir Halla.

Besta dæmið um þetta er rithöfundurinn og fræðimaðurinn Katti Frederichen, mennta- og menningarmálaráðherra Grænlands, auk þess að vera kirkjumálaráðherra landsins. Hún var áður yfir grænlenku tungumálastofnuninni og hefur unnið ótulllega að verndun grænlenkrar menningar.

En það sem meira er: „Katti var einn af trúðunum í Qaqortoq og við höfum þekkt allar götur síðan. Við höfum unnið mikið saman að málefnum tengdum norðurslóðum. Það gerir allt miklu einfaldara í samvinnunni núna að hafa borið rauða nefið saman. Þú tengist fólki fyrir lífstíð ef þú hefur jögglað saman og hoppað um með trúðanef,“ segir Halla, en hún heldur enn tengslum við fleiri sem voru með henni á námskeiðinu, bæði í Færeyjum og á Íslandi.

Sterkari konur

Um svipað leyti og Halla var að koma norðurslóðaverkefninu á lagginar í Harvard stofnaði hún tengslanetið Stelpur styðja stelpur (e. Project Girls for Girls) sem hugsað er fyrir konur á aldrinum 16–25 ára. Markmið verkefnisins er að styrkja stöðu kvenna gegnum leiðtogaþjálfun og betri tengsl. Á vegum Stelpur styðja stelpur eru haldin námskeið í sjálfböðavinnu og margs konar þjálfun, s.s. á sviði samningatækni. Hópurinn vinnur í samstarfi við háskóla í mörgum aðildarlöndum Sameinuðu þjóðanna.

Tengslanetið teygir anga sína til yfir 20 landa og í teymi með Höllu eru nú konur frá Indlandi, Suður-Ameríku, Bandaríkjunum, Afríku, Mið-austurlöndum, Kína og víðar frá Asíu. Sjálf er Halla ábyrg fyrir Evrópuhluta Girls for Girls. Í íslenska teyminu með Höllu eru þrjár aðrar íslenskar konur. Fanney Hrafnadóttir, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir og Esther Hallsdóttir, sem er fyrsti ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, ásamt öflugri verkefnastjórn og sterku neti mentora.

En af hverju kvenfólk?

„Ég hef alltaf talað fyrir kostum þess að mynda tengsl og byggja á þeim út lífið og sú sýn nýttist í jafnréttisbaráttunni þar sem hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér. Jafnréttismál á Íslandi eru einstök í samanburði við mörg önnur lönd og á þeirri reynslu má byggja. Við vinnum saman að því að efla konur víða um heim og þegar við gerum það saman verðum við öflugri,“ segir Halla.



Nánar um Girls for Girls:
www.projectg4g.org



Vitamix

DEILDU GLEÐINNI

MEÐ VITAMIX ER SVO AUÐVELT AÐ DEILA UPPÁHALDS HÁTÍÐARUPPSKRIFTINNI MEÐ VINUM OG FJÖLSKYLDU



Kælitækni
Raudagerði 25
108 Reykjavík
Sími 440 1800
www.kaelitaekni.is

Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi rokkar!



Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur aukist og er nú ein vinsælasta tómstundaíðkun barna og ungmenna á Íslandi. Framboð og fjöldi íþróttagreina hefur aukist og því ættu flest börn og ungmenni að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Niðurstöður rannsókna hjá Rannsóknum og greiningu (R&g) sýna að um 90% barna í hverjum árgangi fara í gegnum íþróttastarf hjá íþróttafélagi.

Íþróttastarf ekki það sama og skipulagt íþróttastarf

Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi skipulagðs íþróttastarfs og að þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi auki líkur á að einstaklingar þroskist félagslega og sýni jákvæða hegðun. Líklegra er að þessum börnum og ungmennum líði betur andlega sem líkamlega fyrir vikið, þau neyti frekar hollrar fæðu og séu ólíklegri til að neyta áfengis eða annarra vímuegja.

Rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á það að forvarnagildið er ekki það sama þegar íþróttaiðkun utan íþróttafélaga er skoðuð. Þannig hafa niðurstöður hjá R&g leitt í ljós að þau ungmenni sem iðka íþróttir utan íþróttafélaga eru í meiri hættu á að leiðast út í einhvers konar áhættu-hegðun en þau ungmenni sem stunda skipulagðar íþróttir og þau sem taka ekki þátt í íþróttaiðkun. Fjöldi æfinga, sem stundaðar eru, geta einnig haft áhrif hvað varðar áhættuhegðun ungmenna. Sýnt hefur verið fram á að þau ungmenni sem æfa oftast skipulagðar íþróttir virðast síður fara út af sporinu en þau ungmenni sem æfa sjaldnar skipulagðar



Íþróttir. Þessu er aftur á móti öfugt farið hjá ungmönnum sem æfa íþróttir utan íþróttafélaga. Þau eru líklegri til að neyta áfengis en þau sem æfa sjaldnar íþróttir utan íþróttafélaga. Framangreindar niðurstöður er að finna í könnuninni Ungt fólk. Könnun sem R&g hefur lagt fyrir alla nemendur í 8.–10. bekk landsins frá árinu 1992.

Notkun rafsígarettar dregst saman

Niðurstöður úr könnun árið 2020 fyrir landið í heild sýna að ölvun síðastliðna 30 daga fyrir könnun hefur aukist sem nemur einu prósentu-stigi og er hlutfallið nú 8%. Hlutfall nemenda, sem reykja daglega og hlutfall þeirra sem hafa prófað kannabis, stendur í stað milli mælinga og er nú 4% þegar horft er á landið í heild.

Sérfræðingar hjá R&g hafa síðastliðin misseri vakið athygli fag- og stefnumótandi aðila á þeirri aukningu í daglegri notkun rafsígarettna sem sjá mátti í síðustu niðurstöðum. Nýjustu niðurstöðurnar sýna aftur á móti að töluvert hefur dregið úr notkun rafsígarettna meðal barna í efstu bekkjum grunnskóla og því ljóst að þegar hlúð er að og skerpt á

verndandi þáttum í nærumhverfi barna skilar slíkt árangri. Þannig var landshlutfall nemenda, sem höfðu aldrei notað rafsígarettur síðastliðna 30 daga, árið 2018, 86%. Árið 2019 hækkaði það upp í 88% og árið 2020 er hlutfallið komið upp í 90%. Á móti er það áhyggjuefni að hlutfall nemenda, sem hafa notað neftóbak eða munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, er að aukast. Frá árunum 2014–2019 hefur hlutfallið verið 2%. Árið 2020 er hlutfallið 4% á landsvísi á meðal nemenda í 8.–10. bekk.

Fjölskyldur verja meiri tíma saman

Samkvæmt niðurstöðum fyrir árið 2020 hefur samvera foreldra og barna eftir skóla á virkum dögum og um helgar aukist um 2% miðað við árið 2018. Það er vissulega mjög jákvæð niðurstaða því að tími, sem varið er með foreldrum og forráðamönnum, er einn af verndandi þáttum íslenska forvarnamódelisins.

Meirihluti nemenda í efstu bekkjum grunnskóla metur andlega og líkamlega heilsu sína mjög góða eða góða. Áhyggjuefni er þó að hlutfall þeirra, sem telja andlega heilsu sína slæma hefur hækkað, sé horft til niðurstaðna fyrri ára. Árið 2016 var hlutfallið 7% sem mátu andlega heilsu sína slæma. Árið 2018 var hlutfallið 8% og árið 2020 er hlutfallið 9%. Hvort áhrif kórónuveirufaraldursins eigi þar hlut að máli verður tíminn að leiða í ljós.

Heilbrigður lífsstíll einkennir meirihluta nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi. Sem fyrr sýna niðurstöður þó að hlutfall nemenda, sem fá ekki nægan nætursvefn, hækkar eftir því sem nemendurnir verða eldri og að sama skapi er neysla orkudrykkja mest meðal nemenda í 10. bekk þó að dregið hafi úr slíkri neyslu, samanborið við árið 2018. Jákvætt er að 63% nemenda yfir landið segjast aldrei drekka orkudrykki.

„Það er svo sannarlega hægt að vera stolt af unga fólkinu okkar í dag. Það er einfaldlega frábært og stendur sig vel. Niðurstöður sýna, svo að enginn vafi er á, að skipulagt íþrótt- og tólmundastarf hefur forvarnagildi.“

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá R&g.

Stuðningur foreldra mikilvægur

Stuðningur foreldra við almenna hreyfingu og íþróttaiðkun barna og ungmenna getur verið margvíslegur. Foreldrar hafa mikið um það að segja hvort börnin þeirra stunda íþróttir eða ekki þar sem sú félagsmótun sem ungmenni fá í veganesti frá fjölskyldunni hefur áhrif á heilsutengda hegðun barna og ungmenna strax frá unga aldri. Þannig eru foreldrar fyrirmyndir og ráðgefandi varðandi það hvers vegna það er mikilvægt að taka þátt í einhvers konar íþróttaiðkun. Gangi foreldrar aftur á móti of langt í hvatningu sinni getur hún snúist í andhverfu sína. Þ.e.a.s. ef foreldrar reyna að upplifa árangur sem þeim tókst ekki að ná sjálfum í gegnum börnin sín, geta börn litið á iðkun sína sem einhvers konar þvingun og þannig misst áhugann og hætt þátttöku.

Árangursríkast er ef börn og ungmenni iðka íþróttir vegna eigin áhuga en ekki foreldra sinna vegna.

Lærdómur af íþróttum er margvíslegur

Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi skapar vettvang fyrir iðkendur til þess að læra ýmiss konar lífsfærni. Sem dæmi má nefna færni að ná markmiðum, eiga samskipti á skilvirkan hátt, leysa vandamál, takast á við átök, hafa stjórn á tilfinningum sínum, veita og taka á móti gagnrýni og kunna að hafa hemil á kvíða og streitu. Einnig tileinka iðkendur sér samvinnu, virðingu og umburðarlyndi gagnvart íþróttinni, starfinu og öðrum iðkendum. Þessi færni reynist einstaklingum mikilvæg í íþróttum sem og í lífinu sjálfu. Þessi svokallaða lífsfærni getur þannig hjálpað einstaklingum að þróa og styrkja sjálfið sitt á jákvæðan hátt. Sú hæfni að flytja þessa færni frá íþróttum til annarra félagslegra sviða er líklega eitt mikilvægasta skrefið í átt að jákvæðri þróun ungmenna. Samskipti einstaklinga innan jafningjahóps hafa einnig áhrif á félagsmótun vegna þess að jafningjar taka við af foreldrum sem aðaláhrifavaldar.

Miklir hvatar fyrir íþróttafélög

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra mælti síðla árs fyrir frumvarpi um framlög einstaklinga og atvinnurekenda til almannaheillastarfsemi, þar á meðal íþróttafélaga. Í frumvarpinu er mælt fyrir auknum hvötum til að styðja við almannaheillastarfsemi, þar á meðal eru ýmsar undanþágur frá greiðslu skatta, undanþága frá greiðslu stimpilgjalda og auk þess geti slíkir aðilar sótt endurgreiðslu allt að 60% greidds virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem eru alfarið í eigu þeirra. Þá er lögð til undanþága frá greiðslu erfðafjárskatts af gjöfum til aðila í almannaheillastarfsemi.

Það liggur beint við að spyrja Bjarna nokkurra spurninga um frumvarpið.



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.

Er frumvarpið nýjung á Ísland eða hefur verið til eitthvað sambærilegt form fyrir gjafir?

Í gildandi lögum er til staðar frádráttarheimild fyrir atvinnurekstraraðila sem nemur 0,75% af árstekjum. Aftur á móti erum við nú að tvöfalda þá heimild auk þess að bæta öðru eins við þegar kemur að framlögum til grænna verkefna.

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var til staðar heimild í skattalögum fyrir einstaklinga til að draga frá tekjum sínum einstakar gjafir til líknarmála upp að ákveðnu marki. Sú heimild var hins vegar felld niður með lögum 1987.

Með tillögum mínum erum við að innleiða slíka heimild upp á nýtt og bæta vel í en auk þess erum við að búa til heildstæðari skilgreiningu utan um almannaheillastarfsemi – í stað þess að horfa á matskennd atriði um „einstaka gjafir til líknarmála“.

Er horft til þess að þessi breyting muni auka gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum til muna?

Já, tvímælaust. Þetta nýr hvati fyrir einstaklinga sem hefur ekki verið til staðar í áratugi og vonast ég til að fólk nýti tækifærið til að stórauka stuðning sinn við þessa mikilvægu starfsemi. Hvað fyrirtækin varðar getum við horft til reynslunnar, en þegar frádráttarheimildin hækkaði úr 0,5% í 0,75% jukust gjafir og framlög um þriðjung milli ára – eða um einn milljarð króna.

Nú erum við að tvöfalda frádráttarheimildina, svo að ég á von á að framlögin aukist verulega við það.

Hver er staðan nú?

Málið er til meðferðar inni í þinginu, en ég á von á að það verði afgreitt upp úr áramótum. Þetta er stjórnarfrumvarp og ég held að flestir þingmenn sjái hversu jákvæðar og mikilvægar breytingarnar verða fyrir samfélagið allt. Ég á ekki von á öðru en að um frumvarpið verði áfram breið sátt, eðli málsins samkvæmt, og það verði afgreitt sem lög á nýju ári.

Hvernig list þér á frumvarpið?

Þetta er mál sem hefur verið mér hugleikið lengi. Það sem upphaflega kveikti hjá mér áhuga á því var að Vestur-Íslendingur að nafni Don Johnson kom að máli við mig þegar ég var heiðursgestur á Íslendingadeginum í Vesturheimi árið 2012. Hann hafði haft frumkvæði að því að þessi mál væru skoðuð í Kanada á sínum tíma og hvatti mig eindregið til að standa fyrir sambærilegum breytingum hér á landi, vegna þess að við þær hafði losnað um gríðarlega mikið fé úr einkageiranum til ýmiss konar góðgerðamála vestanhafs.

Þegar ég fór að skoða lögjöfina hér komst ég að því að ólíkt því sem tíðkast víðast hvor

Hvaða væntingar hefur þú til þessara breytinga?

Ég hef miklar væntingar til málsins og sé fyrir mér að það geti stórbætt umhverfi almannaheillastarfsemi. Bæði kemur það sér vel fyrir félögin sjálf en ekki síður fyrir einstaklinga, sem geta með þessu ráðstafað stærri hluta tekna sinna til góðra málefna að eigin vali án milligöngu ríkisins.

annars staðar fylgdu þessu hér á landi mjög þröng skilyrði og ekki endilega auðvelt að halda úti almannaheillastarfsemi hér á landi. Allt frá þessum tíma hef ég viljað leita leiða til að bæta þetta umhverfi almannaheillastarfseminnar og færa það nær því sem þekkest í nágrannalöndum okkar.

Ég er því vægast sagt ánægður með að frumvarpið skuli vera komið á þetta stig, enda býr mikil vinna að baki. Með breytingunum styrkjum við ekki bara grundvöll almannaheillastarfsemi heldur sendum við líka skýr og verðskulduð skilaboð til þeirra sem að henni standa. Þannig segjum við sem samfélag einfaldlega: Þakki fyrir okkur, við kunnum að meta framlag ykkar.

UMFÍ sendi inn umsögn um frumvarpið og lýsti yfir mikilli ánægju með það. Í umsögninni segir að UMFÍ hafi lengi mælt fyrir því að skattalegt fyrirkomulag frjálsra félagasamtaka hér á landi verði fært nær því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Sérhvert skref á þeirri leið sé skref í rétta átt. Þá segir í umsögn UMFÍ að með frumvarpinu séu stigin stór skref fram á við í málefnum félaga í þriðja geiranum, bæði

hvað snertir skattalegt hagræði og hvata til að gera betur og til að fá til starfa sjálfboðaliða hjá öflugum félagasamtökum.

Viltu lesa frumvarpið og lesa umsagnir við það? Þú getur gert það hér:



UMFÍ



ÍÞRÓTTAVEISLA

KÓPAVOGI 25. - 27. JÚNÍ 2021

Allt um veisluna og skráning á ithrottaveisla.is



Risaaðstoð samþykkt á Alþingi

„Við erum að taka utan um íþróttalífíð í landinu, sem gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki, svo að það geti komið af fullum þunga þegar betur árar eftir COVID-faraldurinn,“ sagði Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu í 3. umræðu um frumvarp til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónufaraldursins.

Frumvarpið var samþykkt með 59 samhljóða atkvæðum á síðasta þingfundi fyrir jólafrí á Alþingi.

Frumvarpið um greiðslur til íþróttafélaga er einn þriggja liða sem þau Ásmundur Einar og Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynntu í lok október til að koma til móts við íþróttafélög vegna þeirrar röskunar sem COVID-19 faraldurinn hefur haft á starf þeirra.

Þórir Haraldsson var fulltrúi UMFÍ við vinnu við frumvarpið, en hann þekkir afar vel til skipulags íþrótt- og æskulýðsstarfs. Hann sat í stjórn UMFÍ um árabíl og hefur komið að fjölda ráða og nefnda innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Hann er fyrrverandi formaður Umf. Selfoss og núverandi formaður handknattleiksdeildar félagsins.

Lilja og Ásmundur voru bæði himinlifandi með niðurstöðuna á samfélagsmiðlum, fögnuðu henni og þökkðu öllum sem komu að málinu, sérstaklega var samvinnan við íþróttahreyfinguna mikilvæg.



Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.

Nokkur atriði frumvarpsins

- Tímabundnar greiðslur vegna launakostnaðar íþróttafélaga, sem hófu starfsemi fyrir 1. október 2020, en var gert að fella tíma-bundið niður starfsemi, að hluta eða öllu leyti, á tímabilinu frá 1. október 2020 til og með 30. júní 2021 vegna COVID-19.
- Heimilt er að greiða íþróttafélagi launakostnað að undanskildum starfstengdum friðindum og hlunnindum, svo sem bifreiðastyrkjum, dagpeningum eða húsaleigu.
- Við vinnslu frumvarpsins var verktökum bætt við frumvarpið. Þeir verða því metnir með svipuðum hætti og launamenn.

UMFÍ greiðir sambandsaðilum aukaúthlutun Lottó

Íslensk getspá greiddi 300 milljónir til íþróttahreyfingarinnar



„Stjórnin á eftir að taka það mál fyrir hvað við gerum við aukaúthlutunina. Mér finnst líklegast að við dreifum henni til aðildarfélaga,“ segir **Bjarki Stefánsson**, framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga (HSV), þegar hann var spurður um hvað ætti að gera við aukagreiðslu sem HSV fær frá UMFÍ.

Astjórnarfundur UMFÍ 12. október síðastliðinn var samþykkt að inna af hendi aukagreiðslu til sambandsaðila vegna góðrar afkomu og mikilvægis fjárhagslegs stuðnings Íslenskrar getspár við eignaraðila sína á hinum fordæmalausum tímum sem gengið hafa yfir á árinu. Tilkynnt var um greiðsluna á sambandsráðsfundi UMFÍ sem haldinn var á netinu í lok október sl.

Aukagreiðsla Íslenskrar getspár nemur 300 milljónum króna sem skiptast á milli ÍSÍ, ÖBÍ og UMFÍ. ÍSÍ er stærsti eignaraðili Íslenskrar getspár, með 46,67% eignarhlut, ÖBÍ á 40% og UMFÍ 13,3%.

UMFÍ fékk því 40 milljónir króna af þessum 300 milljónum sem ákveðið var að greiða út til sambandsaðila UMFÍ. Sambandsaðilar



Einar Haraldsson, formaður og framkvæmdastjóri Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags, tók í sama streng.

„Árið hefur verið þungt hjá mörgum deildum og því reikna ég með að við greiðum þetta út til þeirra,“ segir hann.

UMFÍ eru 27 talsins. Þeir skiptast í 21 íþróttahérað og sex ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ, með rúmlega 270 þúsund félagsmenn.

- Markmið UMFÍ er að efla og styrkja fjárhagslegan grunn sambandsaðila og kynna sjóði UMFÍ og aðra sjóði fyrir sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra
- Arðgreiðsla Getspár til eignaraðila nam 1,73 milljörðum króna árið 2019. Hluttur UMFÍ fór að stórum hluta beint til sambandsaðila um hver mánaðamót og nam heildarfjárhæðin 182,4 milljónum króna.

Íþróttafélögin njóta góðs af góðri afkomu Íslenskra getrauna

Pétur Hrafn hjá Íslenskum getraunum segir að svo virðist sem margir tipparar hafi hætt að veðja á erlendar veðmálasíður. Með kaupum á íslenskum síðum er stutt við íslensk íþróttafélög.

„Það gerist ekki oft að Íslenskar getraunir greiði aukagreiðslur til íþróttahreyfingarinnar. Ég held að við höfum gert það síðast árið 2005. En Íslenskar getraunir eru í eigu íþróttahreyfingarinnar og markmið okkar er að afla henni fjár. Þegar vel gengur deilum við arðinum út til að styðja við starfið,“ segir Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri hjá Íslenskum getraunum.

Fyrirtækið greindi frá því um miðjan desember að vegna mikillar þátttöku íslenskra tippara og góðrar afkomu á árinu 2020 hafi stjórn Íslenskra getrauna ákveðið að útdeila 50,3 millj. króna í styrk til afreksdeilda í knattspyrnu, körfuknattleik og handknattleik. Til viðbótar verði 10 milljóna króna framlagi veitt til þeirra 60 félaga sem hafa selt mest og fengið flest áheiti vegna sölu á getraunaseðlum.

Aukagreiðslan nú bætist við reglubundnar mánaðarlegar greiðslur til héraðssambanda og annarra sambandsaðila í gegnum eignaraðild UMFÍ.

Snúa baki við erlendum veðmálasíðum

UMFÍ á 20% hlut í Íslenskum getraunum, sem halda úti tippuleikjum, og 13,3% hlut í Íslenskri getsþá. Framlag þessara fyrirtækja til íþróttahreyfingarinnar er geysistört. Til samanburðar greiddu Íslenskar getraunir 139 millj. króna til íþróttahreyfingarinnar árið 2019 og 12 millj. til eignaraðila. Árið hefur verið mjög gott fyrir spilara og nemur áætlað heildarframlag Íslenskra getrauna til íþróttahreyfingarinnar á árinu öllu nú rúmum 200 millj. króna. Það bætist við rúmlega 1,7 milljarða greiðslu Getsþár til eignaraðila árið 2019. Miðað við 13,3% hlut fékk UMFÍ rúmar 230 millj. króna árið 2019 sem fór að nær öllu leyti áfram til sambandsaðila UMFÍ.

Pétur segir afar ánægjulegt að geta bætt við rúmlega 60 milljónum króna til íþróttafélaga nú á þessum erfiðu tímum. Viðskiptavinum Íslenskra getrauna hefur fjölgað umtalsvert og svo virðist sem margir tipparar hafi snúið frá erlendum ólöglegum veðmálasíðum og beint viðskiptum sínum til Getrauna. Með því móti styðja þeir við bakið á íþróttafélögum á Íslandi. Aukin sala á íþróttagetraunum er grundvöllur fyrir auknum framlögum Íslenskra getrauna til íþróttafélaganna,“ segir Pétur Hrafn.

Félag	Samtals	Deildir
Valur	3.200.000	1/2/7/8/9/10
Stjarnan	2.900.000	1/2/7/8/9/
KR	2.600.000	1/2/9/10
FH	2.600.000	1/2/7/8
Breiðablik	2.300.000	1/2/10
ÍBV	2.200.000	2/3/7/8
Fylkir	2.000.000	1/2
Haukar	1.950.000	4/5/7/8/9/10
Gróttá	1.900.000	1/4/7
Fjölknir	1.900.000	1/4/10
Keflavík	1.800.000	3/4/9/10
Próttur R.	1.600.000	2/3/
Víkingur	1.600.000	1/4
ÍA	1.600.000	1/4/
Afturelding	1.500.000	3/4/7
Selfoss	1.450.000	2/5/7
HK	1.450.000	1/6/8
Fram	1.350.000	3/6/7/8
KA/Þór	1.300.000	2/8/
KA	1.300.000	1/7
Þór Ak.	1.200.000	3/7/9
Grindavík	1.050.000	3/6/9
Tindastóll	900.000	4/9
ÍR	900.000	5/6/7/9

Félag	Samtals	Deildir
Völsungur	750.000	4/5
Víkingur Ó.	600.000	3
Vestri	600.000	3
Magni	600.000	3
Leiknir R.	600.000	3
Leiknir F.	600.000	3
Augnablik	600.000	4
Njarðvík	450.000	5/9
Þór Þorl.	300.000	9
Snæfell	300.000	10
Skallagrímur	300.000	10
Höttur	300.000	9
Þróttur V.	150.000	5
Viðir	150.000	5
Sindri	150.000	6
Reynir/Dalvík	150.000	5
Kórdrengir	150.000	5
KF	150.000	5
Kári	150.000	5
Hamrarnir	150.000	6
Hamar	150.000	6
Fjarðabyggð	150.000	5
Fb./Hö./Lei.	150.000	6
Álftanes	150.000	6

50.350.000

Knattspyrna:

- 1) Pepsi-deild karla/1.000.000 kr. á lið.
- 2) Pepsi-deild kvenna/1.000.000 kr. á lið.
- 3) Lengjudeild karla/600.000 kr. á lið.
- 4) Lengjudeild kvenna/600.000 kr. á lið.
- 5) 2. deild karla/150.000 kr. á lið.
- 6) 2. deild kvenna/150.000 kr. á lið.

Handknattleikur:

- 7) Olísdeild karla/300.000 kr. á lið.
- 8) Olísdeild kvenna/300.000 kr. á lið

Körfuknattleikur:

- 9) Dominos-deild karla/300.000 kr. á lið.
- 10) Dominos-deild kv./300.000 kr. á lið.

10.000.000

Nr.	Félag	Upphæð
121	Íþróttafélag Fatlaðra	2.430.335
103	Knattsp.félagið Víkingur	891.924
904	Íþróttafél. Framherjar	699.449
128	Íþróttafélagið Ögri	489.247
700	Íþróttafélagið Höttur	411.738
240	Umf. Grindavíkur	408.591
221	Knattsp.félagið Haukar	406.303
900	Knattspyrnudeild ÍBV	403.306
144	Bridgesamband Íslands	279.969
300	Knattspyrnufélag ÍA	255.364
400	Íþróttafélagið Vestri	232.429
108	Knattsp.félagið Fram	224.708
101	Knattsp.félagið Valur	197.856
450	Íþróttafélagið Hörður	189.617
107	Knattsp.félag Reykjavíkur	187.408
200	Umf. Breiðablik	159.689
109	Íþróttafélag Reykjavíkur	135.337
580	Knattsp.fél. Fjallabyggðar	131.139
110	Íþróttafélagið Fylkir	125.964
603	Íþróttafélagið Þór	124.808
780	Umf. Sindri	116.758
840	Umf. Laugdæla	104.219
112	Umf. Fjölknir	100.327
230	Knattsp.deild Keflavíkur	93.405
799	Umf. Skeiðamanna	90.984
710	Íþróttafélagið Huginn	83.688
220	Fimleikafél. Hafnarfjarðar	83.170
600	Knattsp.félag Akureyrar	75.684
104	Knattsp.félagið Þróttur	69.459
188	IFC Íþróttafélagið Carl	63.076
355	Knattsp.deild Umf. Víkings	53.538
735	Umf. Austri	51.170
210	Umf. Stjarnan	49.020
245	Knattsp.félagið Reynir	39.006
190	Þróttur Vogum knattsp.	37.940
866	Knattsp.félag Rangæinga	37.261
111	Íþróttafélagið Leiknir	37.253
270	Umf. Afturelding	36.460
620	Umf. Svarðæla	36.158
800	Umf. Selfoss	31.827
202	Íþróttafélagið Gerpla	31.370
203	Handkn.félag Kópavogs	29.023
740	Íþróttafélagið Þróttur	26.396
350	Umf. Grundarfjarðar	20.336
598	Golfklúbbur Akureyrar	19.415
675	Umf. Austri	16.652
247	Golfklúbburinn Setberg	16.334
224	Golfklúbburinn Keilir	15.939
260	Umf. Njarðvíkur	13.744
460	Umf. Tálknafjarðar	13.317
707	Umf. Pristur	13.150
132	Íþróttafélagið Ösp	12.708
137	Tennis- og badmintonf. Rvk.	12.344
510	Umf. Geislinn	11.589
640	Íþróttafélagið Völsungur	11.482
530	Umf. Kormákur	11.374
340	Umf. Snæfell	10.353
272	Golfklúbbur Mosfellsbæjar	10.233
246	Golfklúbbur Sandgerðis	10.030
690	Umf. Einherji	9.361
170	Knattsp.deild Gróttu	9.262

Sameining þriggja
ungmennafélaga
í Flóanum:



Hvernig varð Ungmennafélagið Þjótandi til?

Guðmunda Óladóttir var kjörin fyrsti formaður Ungmennafélagsins Þjótandi í Flóahreppi á stofnfundi félagsins sem haldinn var í Félagslundu 16. nóvember 2015. Stofnfélagar voru 38 talsins og voru á mjög breiðu aldursbili. Félagið varð til á grunni þriggja ungmennafélaga sem höfðu starfað í áratugi í gömlu hreppnum þremur, þ.e. Umf. Samhygð í Gaulverjabæjarhreppi, Umf. Vaka í Villingaholtshreppi og Umf. Baldur í Hraungerðishreppi. Guðmunda var áður formaður Umf. Vöku og tók þátt í undirbúningi og stofnun Umf. Þjótanda.

Skólastarfið kveikjan að sameiningunni

Þegar Guðmunda er spurð hver hafi verið kveikjan að sameiningunni segir hún að upphaf sameiningarinnar megi rekja til stofnunar Flóaskóla árið 2004 en þá sameinuðust hrepparnir þrír í Flóanum um að reka sameiginlegan skóla. Frekari sameining á svæðinu varð svo 2006 þegar hrepparnir þrír sameinuðust í Flóahrepp.

„Eftir að allir krakkarnir í Flóanum fóru að vera saman í skóla breytt-

Hátíðahöld á 17. júní í Einbúa, svæði Ungmennafélagsins Þjótanda.

ist líf þeirra mikið félagslega. Vínahópar urðu blanda úr öllum ungmennafélögum og hreppamörk urðu óskýrari. Krakkarnir áttu erfitt með að skilja af hverju þeir kepptu á móti hvert öðru á íþróttamótum og væru ekki að sækja sömu viðburði innan sveitar, t.d. páskabingó.

Til þess að koma til móts við vilja krakkanna í hreppnum var ákveðið að hefja sameiginlegar íþróttæfingar á vegum félaganna þriggja auk þess sem ákveðið var að senda sameiginlegt keppnislið á mót innan héraðs árið 2009. Sífellt fleira varð sameiginlegt hjá félögum þremur sem kostaði mörg samtöl milli formanna félaganna og allar ákvarðanatökur urðu erfiðari þar sem þær urðu að fara í gegnum þrjár stjórnir. Að lokum voru formennirnir farnir að ræða það sín á milli að líklega væri einfaldast að vera með eitt ungmennafélag í sveitinni.“

Eldri félagsmenn vandamál, krakkarnir aldrei

„Hugmyndin var búin að vera á sveimi innan stjórna félaganna í dágóðan tíma en lengi vel þorði enginn að viðra hana út á við. Búið var við að henni yrði illa tekið af stórum hópi félaga, einkum eldri félagsmönnum. Við vissum að krakkarnir yrðu aldrei vandamál,“ segir Guðmunda.



Keppendur á Flóamótinu, frjálsiþróttamóti fyrir grunnskólakrakka.



Ræst í Viðavangshlaupi Umf. Þjótanda.



Glimufólk Þjótanda á palli ásamt fleiri keppendum.



Árlegur reiðtúr Þjótanda.

En hvernig var staðið að undirbúningi?

„Árið 2014 ákváðu formenn félaganna, eftir fundi sín á milli, að halda málþing um hugsanlega sameiningu. Öllum félagsmönnum var boðin þátttaka. Á málþinginu var skipt í umræðuhópa þar sem fólk velti fyrir sér kostum og göllum sameiningar. Málþingið var vel heppnað og margir sem tóku þátt í því. Ákveðið var mjög snemma að stofna alveg nýtt félag á grunni þeirra gömlu en leggja jafnframt niður gömlu félögin. Við þekktum of mörg dæmi þess að gömul félög dröbbuðust niður og yrðu lítið annað en nafn á blaði þegar nýtt félag væri stofnað á sama svæði.“

Sex manna undirbúningsnefnd stofnuð

Guðmunda var spurð hvernig ferlið við sameininguna og stofnun nýja félagsins hefði verið. Hún sagði að á aðalfundum félaganna 2015 hefði verið samþykkt samhljóða tillaga sem hljómaði svona:

„Aðalfundur Umf. ... haldinn í ... janúar 2015 lýsir áhuga á að unnið verði áfram að stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi á grunni þeirra gömlu og að stofnuð verði 6 manna nefnd sem vinni áfram að þessu verkefni.“

Í nefndinni sátu formenn gömlu félaganna þriggja og hver þeirra fékk með sér einn nefndarmann úr félagi sínu. Fundað var mánaðarlega árið 2015 utan sumarmánaðanna og á hverjum fundi var tekið fyrir ákveðið málefni, t.d. eignir félagsins, ásýnd félagsins og stjórnskipulag. Haldinn var kynningarfundur þar sem farið var yfir drög að lögum hins nýja félags og fólki boðið að koma með athugasemdir og tillögur. Að lokum undirbjó nefndin stofnfund félagsins og fann fólk til þess að taka sæti í starfsstjórn fram að fyrsta aðalfundi. Gömlu félögin voru svo lögð niður á aðalfundum sínum í janúar 2016.

Eignarhlutir í félagsheimilunum

Gömlu ungmennafélögin áttu öll eignarhluta í félagsheimilum sem reist höfðu verið á sínum tíma. Guðmunda var spurð hvernig þessir eignarhlutar hefðu verið meðhöndlaðir.

„Stærstu eignir félaganna voru hlutir þeirra í félagsheimilunum þremur, Félagslundu, Þingborg og Þjórsárveri. Nefndin ákvað að félögin skyldu afhenda Flóahreppi eignarhluta sína í félagsheimilunum gegn því að gerður yrði samstarfssamningur við sveitarfélagið um afnot af húsunum og annað tengt starfi nýja félagsins. Það hefði aldrei gengið

upp að nýja félagið ætti hlut í þremur félagsheimilum auk þess að Flóahreppur var hvort eð er með allan rekstur heimilanna á sínum snærum og aðkoma ungmennafélaganna í raun orðin lítil. Aðrar eignir voru látnar renna beint inn í nýja ungmennafélagið, jafnt fjármunir sem íþróttaáhöld. Félagssvæði Umf. Baldurs í Einbúa rann beint undir Umf. Þjótanda en á síðasta aðalfundi Umf. Baldurs var ákveðið að í nýja félaginu skyldi vera sér bankareikningur eyrnamerkur Einbúa til þess að haldið yrði áfram með uppbyggingu á staðnum. Ákveðin upphæð frá Umf. Baldri var látin fylgja honum sérstaklega.“

Allir hæstánægðir með nýja félagið

Guðmunda var kjörin fyrsti formaður hins nýstofnaða félags, Umf. Þjótanda. Hún var spurð hvernig starfið hefði gengið hjá félaginu frá stofnun þess.

„Starfið hefur að mestu leyti gengið vel og allir eru hæstánægðir með nýja félagið. Sameiningin hefur verið afskaplega góð fyrir krakka og allir hinna eldri eru sáttir þrátt fyrir að hafa séð á eftir sínum góðu félögum. Allt hefur sinn tíma og gömlu félögin áttu flest frábær yfir 100 ár. Ég held að sameiningin hafi farið svona vel í alla því að við létum ferlið taka mjög langan tíma og allir fengu að venjast tilhugsuninni áður en látið var til skarar skríða. Þar sem ég var formaður í nýja félaginu hefði ég viljað að auðveldara hefði verið að fá fólk til þess að taka að sér störf fyrir félagið, nú þegar það hefur stækkað. Gaman hefði verið að geta gert nefndir félagsins sjálfstæðari svo að sama fólkið þurfi ekki að vera með puttana í öllum viðburðum og verkefnum. Þarna er tækifæri til að bæta úr. Ég vil nýta tækifærið til að hvetja alla til þess að bjóða sig fram til starfa fyrir ungmennafélagið sitt. Ef við hjálpumst öll að verður þetta svo lítið mál.“

Þrjú hreppar sameinaðir í einn

Flóahreppur varð til 10. júní 2006, við sameiningu þriggja hreppa í Flóanum, Gaulverjabæjarhrepps, Villingaholts-hrepps og Hraungerðis-hrepps. Í gömlu hreppunum voru starfandi ungmennafélög sem byggðu á gömlum merg, Umf. Samhygð (stofnað 1908), Umf. Vaka (stofnað 1936) og Umf. Baldur (stofnað 1908). Ungmennafélögin þrjú sameinuðust svo í Umf. Þjótanda 16. nóvember 2015.



Örbylgjuofn notaður sem póstkassi í útivistarverkefni Þjótanda.



Ræst í 400 m hlaupi á Flóamótinu.



Jólasveinar á aðfangadag.

Höldum úti hátt í 20 verkefnum í venjulegu ári



Ræst í Flóahlaupinu.

„Á þessum fordæmalausu tímum er verkefnalistinn ekki langur hjá Umf. Þjótanda. Við reynum þó að funda einu sinni í mánuði á Teams, í þeirri trú að COVID sé að klárast. Það hefur farið þannig að öllu hefur verið frestað nema við náðum þó að halda Flóahlaupið í júní og Flóamótið í september. Einnig vorum við með útivistarverkefni sem hitti í mark hjá íbúum á tímum COVID. Verkefnið var með sex stöðum sem fólk gat heim-sótt og kynnt sér sögu og staðhætti. Stuðlaði það að hreyfingu, útiveru og fjölskyldustund. Í venjulegu ári höldum við úti hátt í 20 verkefnum/ viðburðum en núna er það miklu minna. Vikulega eru íþróttæfingar eftir skóla, þrír hópar sem mæta einu sinni í viku 1,5 klst. í senn. Einnig erum við með glímuæfingu einu sinni í viku í tveimur hópum. Þessar æfingar eru gjaldfrjálstar og mjög vel sóttar. Fram undan hjá félaginu er sala á peysum merktum félaginu og að styðja jólasveinana við að keyra pakka á milli bæja. Einnig er í gangi undirbúningur að því að setja upp frisbygolfvöll þegar vorar. Með von um bjartari tíð og vonandi án COVID.“

Bryndís Óskarsdóttir, formaður Umf. Þjótanda

Úr skýrslu undirbúningsnefndar að stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi:

Í október 2014 var haldið málþing í Félagslundum þar sem hugmyndin um sameiningu félaganna var reifuð. Formlegur undirbúningur hófst með störfum sex manna sameiningarnefndar í ársbyrjun 2015.

Í lok janúar 2015 hittust formenn félaganna þriggja og ákveðið var að hefja mánaðarleg fundahöld um málið. Nefndin átti að skila af sér í nóvember 2015. Ferlinu skyldi ljúka með stofnfundi nýs félags.

Á fyrsta fundinum var einnig rætt um mögulega styrki frá ÍSÍ, UMFÍ og HSK sem hægt væri að fá vegna stofnunar nýs félags. Í undirbúningsnefndinni sátu tveir fulltrúar frá hverju ungmennafélaganna þriggja.

Sameiningin tekin fyrir í þessari röð:

1. fundur – febrúar 2015: Eignir félaganna teknar fyrir. Ákveðið að hlutir félaganna í félagsheimilunum Félagslundum, Þingborg og Þjórsárveri væru best komnir í eigu Flóahrepps í stað þess að nýtt félag ætti hlut í þremur félagsheimilum. Á móti myndi ungmennafélagið gera þjónustusamning við sveitarfélagið um afnot af húsunum fyrir íþróttæfingar og félagsstarf.

2. fundur – mars 2015: Stjórnskipulag nýs félags tekið fyrir. Ákveðið að hafa þriggja manna stjórn með tveggja manna varastjórn sem reynt væri að virkja sem mest. Lagt yrði upp með þrjár fastar nefndir til að byrja með, íþróttanefnd, ritnefnd og skemmtinefnd, en lög félagsins yrðu höfð opin fyrir stofnun nýrra nefnda eftir því hvar áhugiinn lægi í félaginu á hverjum tíma. Einnig var ákveðið að hafa lög félagsins opin fyrir stofnun deilda.

3. fundur – apríl 2015: Ásýnd félagsins. Rætt var um hugsanlega einkennislíti nýs félags og um nýtt nafn. Ákveðið var að óska eftir tillögum að nafni í fréttabréfinu Áveitunni.

4. fundur – ágúst 2015: Lögð fram drög að lögum nýja félagsins sem unnin voru upp úr lögum gömlu félaganna og lögum ÍSÍ. Farið yfir innsendar tillögur að nöfnum félagsins. Þau nöfn sem skiluðu sér inn voru: Umf. Smári, Umf. Fjóra, Umf. Þjótandi, Umf. Loftur og Umf. Flói. Ákveðið var að skólakrakkarnir í Flóaskóla fengju að kjósa nafn úr fjórum möguleikum: Umf. Fjóra, Umf. Þjótandi, Umf. Loftur og Umf. Flói. Einnig yrðu krakkarnir beðnir um að koma með uppástungu að einkennislíti félagsins. Þá var rætt um að fara með merki nýs félags inn í skólann sem myndmenntarverkefni í samstarfi við myndmenntakennara. Því velt upp hvort heiðursfélagar gömlu félaganna yrðu heiðursfélagar í nýju félagi. Ákveðið að heiðursfélagar héldu áfram nafnbótinni sem heiðursfélagar síns gamla félags en þeir yrðu ekki heiðursfélagar nýs félags.



Fyrsta verk í nýja félaginu var að kaupa nýja boli til að efla andann.

5. fundur – október 2015: Farið yfir niðurstöður nafnakosningarinnar í Flóaskóla. Umf. Þjótandi fékk meirihluta atkvæða. Ákveðið að stilla upp bráðabirgðastjórn sem myndi starfa frá stofnfundi fram að aðalfundi.

6. fundur – kynningarfundur 26. október 2015: Farið yfir drög að lögum félagsins og fólki gefið tækifæri til að leggja fram athugasemdir um þau.

7. fundur – nóvember: Stofnfundur skipulagður og ný stjórn fastsett.

Stofnfundur Umf. Þjótanda var haldinn mánudaginn 16. nóvember 2015 í Félagslundum. Stofnfélagar voru 38 talsins og var fundurinn afar vel heppnaður.



Skötuveisla á Þorláksmessu.

VELKOMIN Á GEYSIR GLÍMA VEITINGASTAÐUR

FERSKT ÚR NÆRSVEITUM

Lögð er áhersla á íslenskt eldhús með fersku hráefni úr nærsveitum plockfisk, fisk, lamb, fiski-, kjöt- og grænmetissúpu, nýsmurðar samlokur daglega, úrval af kökum og dásamlegu kaffi.



OPIÐ ALLA DAGA VERIÐ VELKOMIN

Þú finnur okkur í Geysir center beint á móti hverasvæði Geysis.



Geysir Glíma Haukadalur Iceland

+354 481 3003 geysirglima@geysirglima.is

[f](#) [@](#) geysirglima www.geysirglima.is

Mikilvægt að takast á við áskoranir

Við áramót eru oft góð tímamót til að fara yfir og uppfæra hitt og þetta. Stefna er gott dæmi um það. Nauðsynlegt er að endurmeta stefnuna reglulega, nota það sem til er fyrir annan hring stefnumótunar. Stefnu-mótun felur í sér að skilgreina áttina sem halda skal í – að finna leiðina inn í framtíðina og skilgreina það sem þarf að gera til að komast þangað. Hægt er að skilgreina stefnumótun sem ákveðið ferli sem samanstendur af gildum, hlutverki, framtíðarsýn, markmiðum og aðgerðum.

Stjórnendur félagasamtaka standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum og tækifærum sem tengjast breyttum þörfum einstaklinga, kynslóðabreytingum, tæknibreytingum, breytilegum kostnaði og aukinni samkeppni um fjármagn, svo að nokkrir þættir séu nefndir. Hægt er að nálgast stefnumótunarvinnu á marga mismunandi vegu, allt eftir því hversu ítarleg og víðtæk hún á að vera. Það eina sem hægt er að vera viss um er að félagasamtök þurfa að takast á við margs konar breytingar

„Ef búið er að marka leiðina er líklegra að einstaklingar vilji fylgja henni. Þeir sjá að framundan er verðugt markmið að stefna að.“

Jóhann Steinar Ingimundarson,
í stjórn UMFÍ.



til lengri eða skemmri tíma. Til að breytingar skili þeim árangri sem þeim er ætlað er nauðsynlegt að undirbúa þær mjög vel.

„Fundurinn tókst ákaflega vel og gaf aðalstjórn félagsins mikið og gott efni til þess að taka næstu skref í stefnumótun í markaðs- og kynningarmálum, sem og afreksmálum félagsins.“

Guðmundur L. Gunnarsson,
framkvæmdastjóri UMFÍ.



Hugsað í lausnum

Ungmennafélagið Fjölirnir stóð fyrir fjölmennum stefnumótunarfundi í gegnum Facebook Live-síðu sína þann 17. október sl. Breyttir tímar kalla á breytt vinnubrögð. Vegna heimsfaraldurs COVID-19 var ákveðið að nýta tæknina sem best. Þátttakendur, sem voru félagsmenn, iðkendur og forráðamenn, voru hvattir til að koma saman í 2–6 manna hópum og deila hugmyndum, spurningum og/eða athugasemdum í gegnum athugasemdakerfið sem notað var. Tvö málefni voru rædd þar sem þátttakendum gafst tækifæri að koma að nýrri stefnumótun, annars vegar í markaðs- og kynningarmálum og hins vegar í afreksmálum.

Þátttaka var mjög góð, eða vel á annað hundrað manns, og urðu miklar og góðar umræður. Gunnar Jónatansson stýrði fundinum.

Samfélaginu til góða

Stefna UMFÍ, *Samfélaginu til góða*, kom út árið 2017 og gildir til áramóta 2020. UMFÍ hefur því hafið undirbúning að endurnýjun hennar. Við vinnu stefnunnar 2017 var hlustað á grasrótina og ungmenni landsins fengu tækifæri til þess að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri. Við endurnýjun á stefnunni ætla samtökin áfram að taka með skoðanir grasrótarinnar og ungmenna landsins. UMFÍ telur mikilvægt að ungmenni fái tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og hafi skoðun á því hvernig UMFÍ vinnur með mál sem hugsuð eru fyrir þau. Einnig þarf að opna augu þeirra, sem eldri eru, fyrir því að ungt fólk veit best hvað hentar ungu fólki og hverju ungt fólk hefur áhuga á. Stjórnarskipti í félögum eru gjarnan tíð og alltaf koma fram nýir árgangar ungmenna. Mikilvægt er því að bjóða reglulega og oft upp á samtöl ungmenna og stjórnenda. Ungmennaráð UMFÍ mun koma að verkefninu með stuðningi frá starfsfólki og stjórn UMFÍ. Það er von UMFÍ að ungt fólk upplifi, skynji og sjái í verki að raddir þess séu mikilvægar, að hlustað sé á það og tekið sé mark á því sem ungt

„Ungt fólk er ekki einungis framtíð landsins heldur þau sem skapa og móta nútíðina.“

Ástþór Jón Ragnheiðarson,
formaður ungmennaráðs UMFÍ.



fólk hefur fram að færa. UMFÍ skorar á forystufólk sambandsaðila að hvetja ungmenni til þátttöku sem og að mæta á fyrirhugaða stefnumótunarfundi sem auglýstir verða innan tíðar.

Takk fyrir stuðninginn



BERGRAF & STÁL

Jói útherji
www.joiutherji.is

DEKKJASALAN
Sími: 587 3757 | dekkjasalan.is

KLM.IS
VERÐLAUNAGRIPIR



Hvaða reglur gilda um ljósmyndir af iðkendum?

Myndir af iðkendum og félagsmönnum íþróttafélaga prýða tímarit, skýrslur og miðla íþróttafélaga, veggj íþróttahúsa og félagsaðstöðu. En hverjar eru reglurnar?

Ítarlegri upplýsingar:
personuvernd.is

Við sendum þrjár spurningar til Persónuverndar um hvað megi og hvað megi ekki. Svörin eru eftirandi:

1. Hvaða reglur gilda og hvernig er best að snúa sér í þeim málum vilji félagið birta myndir af börnum?

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að byggjast á heimild í persónuverndarlögum og samrýmast meginreglum persónuverndarlaga, en í því felst meðal annars að hún fari fram í skýrum og málfræðilegum tilgangi. Sérhvert íþróttafélag, sem vinnur persónuupplýsingar um börn í starfi sínu, ber ábyrgð á slíkri vinnslu. Það er ávallt hlutverk þessara aðila, þ.e. ábyrgðaraðila, að gæta að því að öll vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við persónuverndarlög.

Almennt telst birting ljósmynda af persónugreinanlegum einstaklingum til vinnslu persónuupplýsinga, en fræðsluefni um myndbirtingar má finna á vef Persónuverndar. Hér er mikilvægast að samþykki foreldra, og eftir atvikum barnanna sjálfra, liggja fyrir. Á vef Persónuverndar má finna nánari upplýsingar um hvaða kröfur eru gerðar til samþykkis í persónuverndarlögum, m.a. um afturköllun þess.

2. Mega íþróttafélög birta myndir af iðkendum á barnsaldri í íþróttum?

Þá þurfa einstaklingar að fá fullnægjandi fræðslu um þá vinnslu sem fer fram. Í tilviki leik- og grunnskólabarna hefur verið farin sú leið að foreldrar undirriti samþykkiseyðublað, jafnvel flokkað niður í samþykki fyrir mismunandi tegundum myndatöku, þ.e. einstaklingsmyndatökur, hópmyndatökur, myndatökur þriðju aðila o.s.frv. og eins eftir því hver tilgangur myndatökunnar er, þ.e. birting á vefsíðu íþróttafélagsins, miðlun til fjölmiðla o.s.frv.

Loks skal þess getið að persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar, sem taka þarf mið af ef um er að ræða ólögráða einstaklinga. Þá vekur Persónuvernd athygli á tilmælum stofnunarinnar varðandi notkun samfélagsmiðla hjá þeim sem starfa með börnum en í þeim beinir Persónuvernd þeim tilmælum til m.a. skóla og íþróttafélaga að nota ekki Facebook eða aðra samfélagsmiðla fyrir miðlun persónuupplýsinga um ólögráða börn, hvort heldur sem um almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða.



3. Má senda myndir af iðkendum áfram til fjölmiðla eða þriðja aðila?

Persónuvernd bendir á að sérstök sjónarmið gilda um myndbirtingar fjölmiðla, þar sem ákvæði persónuverndarlaganna gilda ekki nema að takmörkuðu leyti um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í þágu fjölmiðlunar og fréttamennsku. Ekki er því alltaf nauðsynlegt fyrir fjölmiðla að afla samþykkis fyrir myndbirtingum, hafi þær fréttagildi og eigi erindi við almenning.

Tekið skal fram að í svari við almennri fyrirspurn tekur Persónuvernd ekki bindandi afstöðu til þess hvort farið hafi verið að lögum í tilteknu tilviki.

Nokkur atriði um skrefin inn í framtíðina

Skipulag fyrirtækja og félagasamtaka hefur breyst mikið á síðastliðnum tíu árum. Mörg þeirra virðast þó enn föst í hefðbundnum aðferðum vanafastra stjórnenda. En fortíðin heyrir sögunni til. Félagasamtök þurfa að geta lagað sig að nýjum og breyttum tímum. Sveigjanleiki er lykilorðið í dag.

Fram kemur í skýrslunni Global Human Capital Trends, sem endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte vinnur reglulega, að sú kvöð fylgi tæknivæðingunni að allir verði að fylgja með. Stjórnendur, fyrirtæki og félagasamtök, sem fylgja ekki tímans rás, dragist hægt og rólega aftur úr og heltist að lokum úr lestinni.

Það eigi bæði við um fólk og félög – ekki síður en stjórnendur sem verða að vera fljótir að tileinka sér nýja stjórnunarhætti í takt við nútímann. Þeir verði að hlusta og vinna með öðrum.

Aðferðir til að bæta sveigjanleika

- + Það tekur á að stíga inn í framtíðina. Til að það takist þarf að breyta viðhorfum og vinnulagi.
- + Nýtt vinnulag er þreytandi og fólk mun gera mistök. En mikilvægt er að læra af þeim enda er um að gera að prófa sig áfram og gera tilraunir. Þegar upp er staðið mun erfiðlið skila sér í meiri afköstum, árangri og betra samstarfi.
- + Stjórnendur verða að hætta að ráðskast og leyfa starfsfólki að njóta sín.
 - + Mikilvægt er að leyfa sér að búa til, vera skapandi. Að opna dyr að samstarfi og samvinnu.
 - + Hefðbundið skipulag félagasamtaka einkennist af verkefnastýringu þar sem hver og einn sinnir sínu. Formið er fastmótað. Þetta hentar ekki í breyttum heimi þar sem taka þarf ákvarðanir með hraði og gefa grænt ljós á að prófa sig áfram til að sjá hvað skilar árangri.
 - + Mikilvægt er að hvetja til sveigjanleika og styrkja starfsfólk í því að prófa eitthvað nýtt, taka áhættu, koma með nýjar tillögur og vinna í síbreytilegu umhverfi.

Hefðbundnar aðferðir	Nýjar aðferðir
Skipulag sem miðar að virkni og árangri.	Skipulag sem hefur að markmiði að auka hæfni einstaklinga og breyta vinnulagi með það fyrir augum að bæta þjónustu við félagsmenn.
Formfast og þekkt stjórnskipulag sem lítur út eins og píramídi. Fjöldinn er neðst. Stjórnendum fækkar eftir því sem ofar dregur. Einn er á toppinum sem heldur um alla þræði.	Skipulag sem byggir á verkefnum og vinnuhópum sem sinna hver sínum verkefnum, tiltekinni þjónustu og afmörkuðum hópum félagsmanna.
Eina leiðin til að færast ofar innan skipulagsins er að hækka um eitt þrep í einu, s.s. með stöðuhækkun í einhverju formi.	Fjölbreytt og þverfagleg reynsla og stjórnunarhættir leiða til þróunar í starfi og auka líkur á því að fá meiri ábyrgð.
Stöðuhækkanir leiða til þess að starfsfólk verður leiðtogar.	Áhrif þeirra sem fá fleiri fylgjendur með sér í lið aukast.
Stjórnendur stýra.	Stjórnendur leiða.
Menningin skipulagseiningarinnar einkennist af ótta við mistök og hvað öðrum finnst.	Starfsfólk finnur til öryggis, það leggur áherslu á og tekur þátt í nýsköpun.
Félagið/einingin byggir á skýrum reglum.	Reglur eru ósýnilegar og líkjast fremur almennum viðmiðum en skýrum reglum.
Hlutverk og störf eru skýrt skilgreind.	Fólk vinnur í teymum sem eru með vel skilgreind markmið. Starfsheiti og titlatog skipta engu máli innan teymanna.

Lauslega byggt á umfjöllun Deloitte Insights.

framtíðarinnar

Kostir samstarfs

- ✦ Enginn vinnur einn. Hefðbundið skipulag gerir ráð fyrir því að hver vinnur í sínu horni. En staðreyndin er sú að samstarf skilar meiri árangri. Samkvæmt könnun Deloitte telja aðeins 14% stjórnenda að klassíska stjórnskipulagið – píramíðafyrirkomulagið – skili mestum árangri. Á sama tíma hafa þeir stjórnendur – og félagasamtök – náð mestum árangri þar sem lögð er áhersla á teymisvinnu.
- ✦ Fólk vinnur best saman í litlum hópum. Árangurinn verður líka meiri eftir því sem starfsfólkið situr nær hvert öðru eða boðleiðirnar styttri.
- ✦ Þau félagasamtök ná meiri árangri þar sem hefð er fyrir því að hvetja teymi og einstaklinga til þess að vinna saman og þar sem teymin deila upplýsingum sín á milli.
- ✦ Ekkert teymi er komið til þess að vara að eilífu. Títt er hjá framsæknum fyrirtækjum og félagasamtökum að búa til teymi sem ætlað er að vinna saman í ákveðinn tíma og skila af sér ákveðnu verkefni. Þegar markmiðinu er náð er teymið leyst upp og einstaklingarnir settir í önnur verkefni.

Nýtum tæknina

- ✦ Mikilvægt að nýta tækni og hugbúnað til að auka skilvirkni innan skipulagsins og halda utan um starfsemi. Það kallar á breytt vinnulag sem fólk þarf að tileinka sér.
- ✦ Stjórnendur félagasamtaka eru ekki endilega þeir bestu til að innleiða nýja tækni og aðferðir. Þeir geta hins vegar fundið þá sem hæfastir eru til að leiða það innan félagsins.
- ✦ Fjöldi af tólum og tækjum er hægt að nota til að einfalda og bæta starfið. Margir þekkja orðið Google Drive, Microsoft Teams, Facebook, Zoom og allan þann fjölda sem fólk hefur orðið að læra á vegna breyttra vinnuhátta í tengslum við COVID-19. Þessi tól nýtast einmitt afskaplega vel í teymisvinnu.
- ✦ Verið opin fyrir því hvaða hugbúnað er gott að nota, sem auðveldar ykkur starfið.
- ✦ Festið ykkur ekki við einn hugbúnað. Séuð þið eða einhver í teyminu ósátt við tól og tæki, sem notuð eru, verið þá opin fyrir því að skipta um.
- ✦ Verið opin fyrir því hvaða hugbúnaður nýtist félaginu ykkar og ykkur sjálfum. Hvað nýtist sem dæmi til að bæta þjónustu við iðkendur, for-eldra og aðra félagsmenn?



*Óskum viðskiptarinnar
og öðrum landsmönnum nær og fjær
gledilegra jóla og farsældar á komandi ári
og þökkum viðskiptin á árinu!*

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVEVERKSMÍÐJA

deceuninck

Nova brik
MANUFACTURED IN DENMARK

BÆJARHRAUNI 24, 220 HAFNARFIRÐI - SÝNINGARSALUR
ÆGISGATA 2A, 240 GRINDAVÍK - VERKSMÍÐJA

510-9700 | WWW.PGV.IS

**PVC GLUGGAR OG HURÐIR, PVC RENNUR OG NIÐURFÖLL, PVC PALLAEFNI,
PVC ÞAKKANTSEFNI, NOVA BRIK UTANHÚSSKLÆÐNINGAR**



Takk, sjálfboðaliðar!

Árið 1985 gerðu Sameinuðu þjóðirnar 5. desember að alþjóðlegum degi sjálfboðaliða um allan heim. Tilgangurinn með deginum er að vekja athygli á framlagi sjálfboðaliða í samfélaginu. Mismunandi er eftir löndum og tíma hvernig sjálfboðin störf eru skilgreind. Sjálfboðavinna felur samt alltaf í sér að einstaklingurinn velur sér starf að sinna og fær ekki greitt fyrir vinnu sína með hefðbundnum hætti – stundum ekki nema með brosi. Allur almenningur nýtur góðs af starfi sjálfboðaliða. Sjálfboðaliðastörf eru oft unnin af frjálsum félagsamtökum í kringum ákveðinn málstað.

Auðlind íþróttahreyfingarinnar

Innan íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar starfa hundruð sjálfboðaliða sem leggja á sig ýmiskonar vinnu fyrir félagið sitt. Sem dæmi má nefna setu í stjórn félags og aðstoð við framkvæmd móta, kapp-leikja og/eða annarra viðburða. Ástæður þess að fólk tekur að sér sjálfboðaliðastörf eru m.a. þær að með þeim hætti getur fólk kynnst öðrum foreldrum, þjálfurum eða stjórnarmönnum og þannig fullnægt félagslegum þörfum sínum ásamt því að hjálpa félaginu sínu til að ná settum markmiðum íþróttarinnar. Jafnframt er það að sinna sjálfboðaliðastarfi tækifæri fyrir fólk til að læra leikreglur, hvernig rekstur félagsamtaka gengur fyrir sig og almenn félagsstörf. Þátttaka og stuðningur foreldra er börnum og ungmennum mikilvægur og eykur líkur á að barnið haldi áfram að stunda íþróttina.

Aldrei má missa sjónar á hinu gríðarlega mikilvæga framlagi sjálfboðaliða. Það er langt í frá sjálfgefið og ber að meta að verðleikum hverju sinni. Sjálfboðaliðar eru auðlind íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Án þeirra væri ekkert íþróttastarf á Íslandi.

Ómetanlegt fyrir íslenskt samfélag

„UMFÍ fagnar degi sjálfboðaliðans og færir öllum sjálfboðaliðum miklar þakkir fyrir óeigingjarnt starf. Sjálfboðaliðar innan aðildarfélag UMFÍ leggja á sig ómælda vinnu, samfélaginu til góða. Án vinnu sjálfboðaliða ætti hið góða og viðamikla starf innan UMFÍ sér ekki stað. Störf sjálfboðaliða eru því ekki aðeins ómetanleg fyrir UMFÍ, heldur eru þau ómetanleg fyrir íslenskt samfélag,“ segir Haukur F. Valtýsson, formaður UMFÍ.

Búum svo vel að vera með öflugum sveit sjálfboðaliða

„Við Þróttarar búum svo vel að vera með öflugum sveit sjálfboðaliða sem vinna óeigingjarnt starf fyrir félagið sitt. Mjög erfitt er að velja eða gera upp á milli okkar fólks. Sem dæmi um frábæra sjálfboðaliða má nefna Guðmann Rúnar Lúðvíksson og Davíð Harðarson.

Guðmann er engum líkur og gengur í öll störf hjá Þrótti. Guðmann er af gamla skólanum og þiggur ekki laun fyrir að þjálfra yngri flokka félagsins í fótbolta. Það eru ekki margir sem vita að Guðmann er kallaður ljósmyndari félagsins enda alltaf með myndavélina á öllum viðburðum.

Davíð hefur komið að fjölmörgum verkefnum sem stuðla að uppbyggingu félagsins. Þó að Davíð eigi sér marga öflugum samstarfsmenn á hann hrósið skilið. Davíð kom að byggingu stúku sem var gjöf til félagsins frá nokkrum öflugum Þrótturum. Þrátt fyrir að vera ekki í stjórn félagsins hefur Davíð mikinn áhuga á mannvirkjum sem efla félagið iðkendum til heilla. Hann er alltaf klár í öll störf og yfirleitt fyrstur á svæðið,“ segir Marteinn Ægisson, framkvæmdastjóri UMFÍ.



Guðmann Rúnar Lúðvíksson þrilar í stiganum með Vigni Már Eiðsson sér til halds og trausts.



Davíð Harðarson brosir í myndavélina en Kristinn Sveinsson horfir ibygginn fram á við.



Öfluga sjálfbóðaliða er að finna í öllum íþróttahéruðum og félögum um land allt. UMFÍ fékk sendar upplýsingar um nokkra þeirra.

Hópurinn hefur séð til þess að fólk hefur getað horft á viðburði

„Íþróttabandalag Akraness hrósar og þakkar þeim hópi fólks sem stendur á bak við ÍATV fyrir óeigin-gjarnt starf í þágu íþróttu og mannlífs á Akranesi.

Hópurinn hefur séð til þess að fjöldi fólks hefur getað horft á ýmsa íþróttaviðburði hjá aðildar-félögum ÍA. Allar útsendingar eru unnar í sjálfbóðavinnu og þessi hópur er alltaf tilbúinn til að koma og taka upp ef eitthvað stendur til hjá félögum okkar. ÍATV byrjaði með formlegar útsendingar á körfuboltaleikjum sem síðar vatt upp á sig. Þeim, sem að þessu stóðu, var líka mikið í mun að koma öllum leikjum hjá knattspyrnukonum Akranes í loftið til þess að auka áhorf og umfjöllun um kvennaknattspyrnu á Akranesi. Þetta hefur stækkað allmikið og hefur gert alla umfjöllun og umgjörð íþróttu og annarra viðburða á Akranesi svo miklu meiri og skemmtilegri,“ segir Guðmunda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ÍA.



Guðmunda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ÍA.

Sjálfbóðaliðar koma að öllu starfi okkar og gæða það lífi

„Við hjá HSK erum ótrúlega lán-söm og þakklát fyrir okkar frá-bæru sjálfbóðaliða. Þeir koma að öllu starfi okkar og gæða það lífi og sál. Dæmi um verkefni og við-burði, sem bornir eru uppi af sjálfbóðaliðum ár hvert á þessum árs-tíma, er aðstoð við störf jólasvein-anna. Vaskir sjálfbóðaliðar hafa aðstoðað sveinana við að koma út pökkum til fjölskyldna á aðfangadag sem og að gleðja börnin í aðdraganda jólanna.



Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK.

Verkefni, sem gætu ekki farið fram án aðkomu sjálfbóðaliða, er framkvæmd héraðsmóta og stærri móta á landsvísu. Næsta stóra verkefni okkar er framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi um næstu verslunarmannahelgi. Að því vinnur frábær hópur sjálfbóðaliða sem mun án efa framkvæma mótið með glæsibrag,“ segir Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK.

Vissir þú að ...

innan íþróttu- og ungmenna-félagshreyfingarinnar eru um

6.100 sjálfbóðaliðar

sem sitja í stjórnnum félaga og deilda. Það eru um tvær fullar Laugardalshallir eða sem samsvarar íbúafjölda á Grundarfirði, í Stykkishólmi, á Blönduósi og í Þorlákshöfn – til samans!

innan UMFÍ eru **28 sambandsaðilar** sem skiptast í **21 íþróttahérað** og **7 ungmennafélög** með beina aðild.

Alls eru um **450 félög** innan UMFÍ.

270.000

Íslendingar eru **félagsmenn** í a.m.k. einu íþróttafélagi sem er innan UMFÍ.

Vitundarvakning um neteinelti

Æ skulýðsvettvangurinn hefur sett af stað vitundarvakningu um neteinelti meðal barna og ungmenna.

Átakið er tvíþætt. Í fyrsta lagi birtist ungu fólki nú auglýsing á samfélagsmiðlum, Google og Youtube, sem á að vekja þau til umhugsunar um hegðun þeirra á netinu og minna þau á að það sem þau segja við og um annað fólk á netinu getur haft alvarlegar afleiðingar. Í öðru lagi felur átakið í sér nýja fræðslu- og forvarnasíðu um neteinelti. Þar er meðal annars fjallað um mismunandi birtingarmyndir neteineltis, einkenni og alvarlegar afleiðingar þess, upplýsingar um hvar neteinelti fer helst fram og hvað sé hægt að gera ef maður er þolandi, gerandi eða áhorfandi að neteinelti.

Höfundur verkefnisins er Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins.

Við spurðum hana nokkurra spurninga um vitundarvakninguna um neteineltið.

Hvert er markmiðið með vitundarvakningunni?

„Markmiðið með vitundarvakningunni um neteinelti er fyrst og fremst að skapa umræðu um neteinelti, sem er ein af stóru hættunum sem börn og ungmenni standa frammi fyrir í dag. Við viljum auka vitund og skilning á því hvað neteinelti er og hvernig hægt er að reyna að koma í veg fyrir það eða stöðva það þegar það er til staðar á meðal barna og ungmenna. Þá viljum við með vitundarvakningunni vekja börn og ungmenni, og helst alla aðra líka, til umhugsunar um hegðun þeirra á netinu, fá þau til að íhuga hvernig þau haga sér á netinu og hvort þau þurfi ef til vill að bæta hegðun sína því að það sem við segjum á netinu getur haft alvarlegar afleiðingar.“

Finnurðu mikla þörf á þessu?

„Já, ég tel vera mikla þörf á því að opna á og auka umræðuna um neteinelti. Það er nokkuð ljóst að internetið og sú tækniþróun sem tengist netinu hefur gjörbreytt samskiptaleiðum



Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins.

fólks. Þetta hefur orðið til þess að samskipti hafa í auknum mæli færst yfir á netið og raf-ræn samskipti eru orðin ein helsta samskipta-leið ungmenna á okkar tímum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að ungt fólk notar netið í allt að 40 klukkustundir á viku og að allt að 92% barna fara á netið á hverjum degi. Vegna þessa eru þau berskjölduð gagnvart neteinelti og því er mikilvægt að leita leiða til þess að sporna gegn því.“

Hvað er það við neteinelti sem gerir það svona hættulegt?

„Afleiðingar af neteinelti geta verið mjög alvarlegar, jafnt fyrir þolendur, gerendur og samfélagið í heild sinni og það er því fyrst og fremst samfélagslegur lýðheilsuvandi. Það sem er svo athyglisvert við neteinelti er að það finnst á meðal allra aldurshópa, kynja og hópa fólks þótt það beinist oft sérstaklega að jaðar-settum einstaklingum eða hópum. Hver sem er getur orðið þolandi neteineltis og hver sem er getur orðið gerandi neteineltis.“


Það sem gerir neteinelti svo effitt viðureignar er að það getur farið fram hvar og hvenær sem er. Af því leiðir að þolendur eru hvergi óhultir. Þar að auki geta gerendur verið nafnlausir sem getur gert þetta sérstaklega effitt úr-lausnar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að vegna þessa geta afleiðingarnar af neteinelti verið alvarlegri en afleiðingar hefðbundins eineltis, en þess ber að geta að þolendur neteineltis eru oft einnig þolendur hefðbundins eineltis.“

Hverjar eru afleiðingar neteineltis?

„Neteinelti er alvarlegur lýðheilsuvandi sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir alla sem eiga aðild að því. Neteinelti getur haft líkamlegar sem og andlegar afleiðingar fyrir þolendur. Áhrifin eru íþyngjandi og þau eru oft langvarandi. Sem dæmi má nefna að þolendur neteineltis eiga oft við kvíða, streitu, þunglyndi og svefnörðugleika að stríða. Polendur glíma oft við lágt sjálfsmat, einmanaleika og félagslega erfiðleika. Neteinelti getur haft áhrif á



á meðal barna og ungmenna



námsárangur þar sem þolendur þora stundum ekki að mæta í skólann.

Þá geta þolendur neteineltis leiðst út í ávana- og vímuefnanotkun, ofbeldi eða aðra áhættu- hegðun. Því oftar sem neteineltið er endurtekið því meiri hættu er á þunglyndi, sjálfsskaða og sjálfsvígshugsunum hjá þolendum. Þá hafa þolendur neteineltis tekið sitt eigið líf. Þátttaka í neteinelti ýtir einnig undir þunglyndi og sjálfsvígshugsanir hjá gerendum.

Þarf að fræða fullorðna með sama hætti um neteinelti?

„Já, neteinelti og önnur óæskileg hegðun á netinu er alls ekki bundin við börn og ungmenni og sést einnig hjá fullorðnu fólki. Munurinn er kannski fyrst og fremst sá að fullorðnir eru á öðrum stað en börn og ungmenni þegar kemur að netnotkun svo að vettvangurinn er kannski ekki sá sami. Það er gömul tugga að börnin læri það sem fyrir þeim sé haft en ég tel að hún eigi rétt á sér í þessu samhengi. Einhvers staðar læra börn og ungmenni að það

sé í lagi að niðurlægja, hóta eða meiða aðra í samskiptum á netinu.

Er neteineltið algengt, að þínu mati?

„Með auknum rafrænum samskiptum eykst óæskileg hegðun á netinu. Af því leiðir að neteinelti hefur aukist á síðustu árum. Því miður eru ekki til margar rannsóknir á neteinelti á Íslandi en erlendar rannsóknir sýna fram á að neteinelti er algengt. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að allt að 75% barna á skólaaldri hafa verið þolendur neteineltis og að mikill meirihluti nemenda í framhaldsskóla, eða 78%, hefur verið þolendur neteineltis. Ég hef áhyggjur af því að þolendum neteineltis muni fjölga hér á landi ef ekki verður opnað á umræðuna um neteinelti og fólki gerð grein fyrir því hversu alvarlegar afleiðingarnar geta verið. Þá þarf að gera þolendum, sem og gerendum, auðveldara að fá aðstoð, og leggja vinnu í að sporna gegn því að börn og ungmenni tileinki sér óæskilega hegðun á netinu.“

Fer neteinelti leynt eða liggur það á yfirborðinu?

„Það er mismunandi, og þess vegna er gott að þekkja vísbendingar þess að neteinelti eigi sér stað. Dæmi um það má meðal annars finna á fræðslusíðunni. Það sem er þó mikilvægt að nefna í þessu samhengi er að þolendur neteineltis, og þá sérstaklega þegar um ungmenni er að ræða, greina oft ekki frá eineltinu. Þolendur fá þar af leiðandi ekki viðeigandi aðstoð en reyna að vinna úr afleiðingunum af því sjálf. Það er áhyggjuefni sem mikilvægt er að bregðast við með því að opna á umræðuna um neteinelti.

Þá á ég meðal annars við þjálfara, starfsfólk í félagsmiðstöðvum eða öðru æskulýðsstarfi og í skólanum, svo að þolendur viti að umhverfið sé öruggt og hægt sé að fá aðstoð. Með því er einnig opnað á að þeir sem eru áhorfendur að neteinelti greini frá, en það getur skipt sköpum fyrir þolendur neteineltis að þeir sem verða vitni að því taki ekki þátt í neteineltinu, meðal annars með því að horfa á og dreifa efni um aðra, heldur greini strax frá því svo að hægt sé að bregðast við því.“

Allt um málið:

<https://aev.is/neteinelti>

Neteinelti

er yfirleitt skilgreint sem neikvætt áreiti af ásettu ráði af hendi eins aðila eða hóps á rafrænu formi gagnvart einstaklingi sem getur ekki auðveldlega varið sig. Um er að ræða áreiti sem getur fallið í sér valdaójafnvægi og misbeitingu á valdi í gegnum hvers konar upplýsinga- og samskiptatækni.

Foreldrar þínir foru frá þér utaf því þau vissu að þú myndir vera mestu mistök dauðans!

SKILABOÐ Á SNAPCHAT

Allir hata þig, enginn elskar þig, þú átt ekki skilið að lifa.

ATHUGASEMD Á FACEBOOK

Hvernig geturðu verið svona ljót, þú ert algert ógeð, dreptu þig

SENT TIL 10 ÁRA
STELPU VIÐ MYND
HENNAR Á TIK TOK

Börn á Þórshöfn stóðu sig vel í **Hreyfiviku UMFÍ**

Ölgerðin gaf verðlaunafé í Hreyfiviku UMFÍ. Verðlaunahafarnir þurftu að tilnefna góðgerðafélag sem þeir gáfu svo verðlaunaféð.

„Börnin voru mjög ánægð og þeim fannst það ægilegt sport að halda á ávísuninni. Þeim fannst hún svo stór,“ sagði Hulda Kristín Baldursdóttir, íþróttakennari við Grunnskólann á Þórshöfn.

Nemendur og skólastjórnendur fengu loks í byrjun desember afhenta ávísun fyrir verðlaunafé sem þau báru úr býtum í Hreyfiviku UMFÍ og Kristals er fram fór í lok maí sl..

UMFÍ og Kristall efndu til sérstakrar brenniboltaáskorunar í Hreyfivikunni. Hún fólst í því að kennarar í grunnskólum landsins voru hvattir til að bjóða nemendum í brennibolta og auka almennt framböð á skemmtilegri hreyfingu. Á vegum Grunnskólans á Þórshöfn voru skráðir 17 viðburðir í Hreyfiviku UMFÍ í maí og voru þeir hvergi fleiri.

Skólinn fékk í verðlaun 100.000 króna ávísun frá Kristal og UMFÍ. Vinningnum fylgdu þeir skilmálar að verðlaunin skyldi gefa góðgerðafélagi að eigin vali. Nemendur Grunnskólans á Þórshöfn ákváðu í samráði við kennara að gefa Velferðarsjóði Þingeyinga verðlaunin.

Jónas Egilsson, formaður Héraðssambands Þingeyinga (HSP) og

sveitarstjóri Langanesbyggðar, afhenti verðlaunin og ávísunina fyrir hönd UMFÍ Viðstaddar afhendinguna voru þær Hulda íþróttakennari og Hilma Steinarsdóttir skólastjóri. Nemendur skólans fengu svo að sjálfsgöðu að handleika ávísunina.

Fleiri fá glaðning

Tveir skólar voru dregnir út og áttu þess kost að gefa glaðninginn til góðgerðafélags.

Fellaskóli í Reykjavík og Grundaskóli á Akranesi voru dregnir sérstaklega út í brenniboltaáskoruninni. Hvor skóli hlaut 50.000 króna ávísun Hreyfiviku UMFÍ og Kristals sem þeir munu ánafna góðgerðafélagi.

COVID-faraldurinn olli því að verðlaunin voru ekki afhent í sumar. Líklegt er að það verði gert í lok árs eða eftir því sem samkomutakmarkanir breytast.



Börn í Grunnskólanum á Þórshöfn með verðlaunaávísun sem þau fengu fyrir að bera sig út býtum í Hreyfiviku UMFÍ og Kristals í sumar.



Líf og fjör í Hreyfivikunni á Selfossi.



Tásurölt í mjúkum sandi á Djúpavogi í Hreyfiviku UMFÍ.



Þýramídi rís á Þórshöfn.



Fjör í íþróttasalnum á Reyðarfirði.

Hvað er Hreyfivika UMFÍ?

Hreyfivika UMFÍ er hluti af samevrópsku lýðheilsuherferðinni Now We Move. UMFÍ hefur tekið þátt í verkefninu frá árinu 2012. Markmið verkefnisins er að að fjölga þeim sem hreyfa sig reglulega og kynna fyrir fólki kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu á hverjum degi.

UMFÍ hvetur alla til að finna uppáhaldshreyfingu sína og stunda hana reglulega, í að minnsta kosti 30 mínútur daglega.

Þú finnur allar upplýsingar um Hreyfiviku UMFÍ á vefslóðinni www.hreyfivika.is

UMFÍ



UNGLINGALANDSMÓT
SELFOSSI
29. júlí - 1. ágúst

LANDSMÓT 50+
BORGARNESI
11. - 13. júní



ÍÞRÓTTAVEISLA
KÓPAVOGI
25. - 27. júní

VERTU MEÐ 2021



FRÆÐSLU- OG
VERKEFNASJÓÐUR
1. apríl og 1. október

LÝÐHÁSKÓLA-
STYRKIR
10. janúar

UNGT FÓLK
OG LÝÐRÆÐI
apríl og október

UMHVERFIS-
SJÓÐUR
15. apríl

SAMBANDS-
PING
október



Hvernig byrjar maður að hlaupa?



Margar leiðir eru til þess að byrja að hlaupa. Þar hefur líkamsástandið mikið að segja og mæla flestir með að byrja út frá því. Ekki er ráðlegt að fara of geyst af stað í byrjun. Það getur orsakað meiðsli og jafnvel að viðkomandi gefist of snemma upp. Á danska vefnum vorespuls.dk sem DGI, systursamtök UMFÍ, standa að ásamt fleiri aðilum, eru góðar ráðleggingar um hvernig hægt er að byrja að hlaupa.

1 Gerðu áætlun fyrir hlaupin þín

Þú verður að byrja með hlaupaprógramm fyrir byrjendur þar sem þú sameinar göngu og hlaup. Hlaupa og ganga t.d. til skiptis í upphafi, um það bil 2 km vegalengd.

Æfingaáætlun fyrir byrjendur gæti t.d. verið þannig að í upphafi er gengið á venjulegum hraða í nokkrar mínútur. Síðan er gengið rösklega í smátíma og þetta endurtekið nokkrum sinnum til skiptis. Eftir því sem þolið eykst er tíminn lengdur og þegar viðkomandi treystir sér byrjar hann að skokka aðeins inn á milli.

Viða um land eru starfandi hlaupahópar sem þar sem má fá góð ráð. Margir þeirra leggja upp frá sundlaugum eða íþróttamiðstöðvum og því hægt að leita upplýsinga um þá þar.

2 Kaupu góða hlaupaskó

Þú verður að nota hlaupaskó sem passa vel, eru góðir fyrir fæturna og henta hlaupum þínum vel. Hlaupaskórnir eru mikilvægasti búnaðurinn þegar þú hleypur. Farðu því í sérverslun sem selur hlaupaskó og fáðu góð ráð og greiningu á hlaupastíl þínum.

Ef þú ert með einhver vandamál varðandi fæturna eða fótleggina gætirðu haft samband við sjúkráþjálfara sem framkvæma ítarlegri greiningar á hlaupastíl þínum.

Inni á vefsíðunni vorespuls.dk má finna ýmsar upplýsingar um hlaupaskó og hvernig þeir geta komið í veg fyrir meiðsli.

3 Byrjaðu rólega og hlauptu reglulega

Hlauptu tvisvar eða helst þrisvar í viku. Betra er að hlaupa fleiri stuttar ferðir en fáar langar. Smám saman og með smávægilegri aukningu munu hlaupin taka meira og meira við af göngutímabilum þínum og áður en þú veist af ertu farinn að hlaupa alla leiðina. Hlaupaprógrammið þitt á líka að byggjast á því og sýna það.

4 Áttaðu þig á hvar þú getir eða viljir hlaupa

Hvaða hlaupastígar og hlaupaleiðir eru í nærumhverfi þínu? Líklega eru þeir fleiri en þú gerir þér grein fyrir. Viða eru merktar hlaupaleiðir við íþróttamiðstöðvar eða sundlaugar. Einnig má finna upplýsingar um göngu- og hlaupaleiðir á heimasíðum sveitarfélaga.

Margir skrá niður hlaupin sín og halda hlaupadagbók. Þá er hægt að sjá hvernig hlaupin þróast. Margir hlaupa líka með úr sem skrá vegalengdir, brennslu o.fl.

Hugsaðu praktískt: Kannski geturðu hlaupið heim úr vinnunni eða hluta af leiðinni nokkrum sinnum í viku. Það eru ýmsar leiðir til að finna sér tíma til að hlaupa. T.d. má fara hálf tíma fyrir á fætur, hlaupa eða hjóla til og frá vinnu eða æfa í hádegishléinu.

5 Hlauptu einn eða með öðrum

Hugleiddu hvort þér finnst betra að hlaupa einn eða með öðrum. Ef þú vilt hlaupa með öðrum gætirðu e.t.v. reynt að draga vin eða nágretta með þér. Það getur verið hvetjandi að hlaupa með öðrum. Þú getur líka gengið í hlaupahóp. Þeir hlaupa oftast saman nokkrum sinnum í viku.

6 Finndu hvernig líkaminn bregst við hlaupum

Meðan þú ert byrjandi kemstu varla hjá því að finna fyrir smáeymslum hér og þar. Eymsli eftir keppni eru eins og rautt ljós sem blikkar. Þú þarft að vera meðvitaður um það. Hafðu samt ekki of miklar áhyggjur ef það bitur ekki og versnar ekki.

Það fyrsta sem þú gerir er að gíra hlaupin aðeins niður og huga að því hvort þetta hverfi ekki. Ef það gerist ekki, skaltu hafa samband við lækni. Einnig er hægt að ráðfæra sig við sjúkráþjálfara með reynslu af hlaupameiðslum.

7 Settu þér markmið

Að taka þátt í 5 km hlaupi eftir sex mánuði gæti verið gott markmið til að stefna að.

Hvati þinn til að hlaupa eykst þegar þú hefur ákveðið markmið að keppa að, sérstaklega ef þú segir vinum og kunningjum frá því.

Taktu eitt skref í einu og þú kemst langt þegar til lengri tíma er litið.

Byggt á grein eftir Svend B. Carstesen íþróttasjúkráþjálfara sem birt er á vefsíðunni vorespuls.dk.



Gleðilega hátíð



[SJÓVÁ](#)

Takk fyrir stuðninginn



Eiríkur J Ingólfsson ehf
Sólbakka 8
310 Borgarnesi



Takk fyrir stuðninginn

Aðalhreinsir Drífa	Dalvíkurbyggð	Hagsæld ehf.	Landssamband	Samstaða stéttarfélag	Tjörneshreppur
Aðalverkstæðið ehf.	DMM lausnir ehf.	Hamraborg ehf.	lögreglumanna	Samtök starfsmanna	Trévangur
Allt í járnum ehf.	DS lausnir	Háfell ehf.	Litalón ehf.	Sáning ehf.	Trivium ráðgjöf ehf.
Alma verk ehf.	Dynkur ehf.	Hárhúsið ehf.	LK pípulagnir	Sendibílar Reykjavíkur	Túnþökupjónustan ehf.
Alþrif ehf.		Hársnyrtistofa Dóra	Loðnuvinnslan hf.	SG hús	
Amadeus Ísland ehf.	Egersund Ísland	Hárstofa Sigríðar	Lostæti Norðurlyst	Siggeir G. Jóhannesson	Umhverfisráðgjöf Íslands
AMP	Einingaverksmiðjan ehf.	Hekla	Lóðalausnir ehf.	SIH pípulagnir ehf.	Uppgjör og skattskil ehf.
Apótek Vesturlands	Eldvarnarþjónustan ehf.	Henson hf.		Síldarvinnslan	
Armur ehf.	Esju einingar	Heyrnar- og	Mannverk ehf.	Sjóklæðagerðin	Útfararstofa Reykjavíkur
ASK Arkitektar	Eyjafjarðarsveit	talmeinstöðin	Margt smátt	66 Norður	Útilegumaðurinn
Atvinnuæign ehf.		Héraðsprent ehf.	Máni verktakar ehf.	Sjúkrahúsið á Akureyri	
Auglýsingastofan EnnEmm	Ég og Jói ehf.	Hitaveita Egilsstaða	Meitill – GT tækni ehf.	Skagafjarðarveitur	Vagnsmiðjan ehf.
		Hótel Capitano	Mínilik eþiþópskt	Skorradalshreppur	Valeska ehf.
ÁF-hús ehf.	Fasteignasala Kópavogs	Hrunamannahreppur	veitingahús	Skorri ehf.	Varma & Vélaverk ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.	Fasteignasala	Hvalur hf.	Mosfellsbakarí	Skotfélag Reykjavíkur	Vatnsvirkin
Átak ehf.	Mosfellsbæjar	Höfðakaffi ehf.	Mótor haus ehf.	Skólámatúr ehf.	Vegamót
ÁTVR	Fasteignasalan Gimli		MSV ehf.	Skólaskrifstofa Austurlands	Vegamót Bíldudal
	Fasteignasalan		Múlaping	Skólavefurinn	Vellir bókhald
B8 ehf.	Mosfellsbær	Init ehf.	Múrey ehf.	Skólphreinsun Ásgeirs sf.	Verkalyðs og Sjómannafélag Keflavíkur og
Baugsbót ehf.	Faxaflóahafnir	Inmarsat Solutions ehf.	Músik og sport ehf.	Skrifstofupjónusta	nágrennis
Bergraf ehf.	Félag skipstjórnarmanna	Innlifun ehf.		Austurlands	Verkalyðsfélagið Hlíf
Bifreiðastöð ÞÞÞ	Fiskvinnslan Drangur	Innrammarinn ehf.	Nesraf ehf.	Skrúðsverk ehf.	Verkfæðistofa Suðurnesja
Bifreiðaverkstæði	Fjallalamb	Innrömmun ehf.	Netpartar ehf.	Sólargluggatjöld	Verkvagnar
Kópavogs	Fjarðalagnir ehf.	iTub ehf.	Nexus afþreying ehf.	Sónn rafeindapjónusta	Verkvik
Bifreiðaverkstæði Ægis	Flóahreppur	Ís og ævintýri ehf.	Nonni gull ehf.	SÓS lagnir	Verslun Haraldar
Bifreiðaverkstæðið Klettur	Framköllunarþjónustan ehf.	Ísblíkk	Norðurorka ehf.	Sparisjóður Austurlands	Júliússonar
Bifreiðapjónusta	Fúsi – Tom ehf.	Ísfélag Vestmannaeyja hf.		SS Gólf ehf.	Verzlunarskóli Íslands
Harðar ehf.		Ísfrost ehf.	Ó. Johnson & Kaaber ehf.	Starfsmannafélag	Verslunin Álfheimar
Bilamálun Egilsstöðum ehf.	GG lagnir ehf.	Íslensk verðbréf		Vestmannaeyja	Vestmannaeyjabær
Bilasmíðurinn ehf.	Garðabær	Íþróttamiðstöðin	Pallar og menn	Stálsmiðjan Útrás ehf.	Vélsmiðja Suðurlands ehf.
Bilaverkstæði Badda	Garðarshólmi	Fjallabyggð	Pegasus ehf.	Steinull ehf.	Við og við sf.
Þj vinnuvélar ehf.	Garðsapótek		PFAFF hf.	Stjórndafélag	Viðhald og nýsmíði ehf.
Blaðamannafélagið	Gastec	Jarðverk ehf.	Pingpong.is	Austurlands	Villi ehf.
Blikkarinn ehf.	Geislataekni ehf.	Járnsmiðja Óðins	Plastco ehf.	Strengingur ehf.	Vir og lykkjur ehf.
Blikkrás ehf.	Gestaferðir ehf.	JGR umboðs- og	Prógramm	Suðulist	Vökvaþjónusta Kópaskers
Blikksmiðjan Vík ehf.	Gilbert úrsmíður	heildverslun		Svalpúfa	
Blómasetrið	Gjögur ehf.	Jóhann Helgi og Co.	Rafey ehf.	Sæplast ehf.	ÞS verktakar
Bolungarvíkurkaupsstaður	Gleipnir verktakar		Rafmiðun ehf.	Sætöppur	ÞGT ehf.
Borgarbyggð	Gluggatækni ehf.	Kjósarhreppur	Raftíðni ehf.		Þjónustustofan ehf.
Borgarverk ehf.	GM múr ehf.	KK kranabíll	Rafverkstæði IB ehf.	Tannlæknafélag Íslands	Þúsund fjallir ehf.
Bókhaldsstofa Haraldar	Godði ehf.	Kolbakur ehf.	Ragnar og Ásgeir ehf.	Tannlæknastofa	
Bókhaldsþjónustan Örninn	Grindavíkurbær	KOM ehf.	Ráðgjöf og lausnir ehf.	Sævars Péturssonar	Ævintýradalurinn ehf.
Bókráð	Grísinn ehf.	Krappi ehf.	Reykjafell	Tara ehf.	
Bruggsmiðjan Kaldi	Gróðrarstöðin Mörk	Kráin ehf.	Reykjavík fóto ehf.	TBI ehf./Skalli	ÖG slf.
Brunahönnun ehf.	Grófargil ehf.	Króm og hvítt ehf.	Reykjavík Seadventure ehf.	Teiknistofa Ingimundar	Ökuland ehf.
Brunavarnir Árnæssýslu	Grýtubakkahreppur	Kryddhúsið	Ríma Apótek	Sveinssonar	Öryggisríðingar
BYKO	Grófutækni ehf.	Kvika	Rjótabúið Erpsstaðir	Terra efnaeyðing	
	Gröfupjónusta Steins		Ræktunarsamband Flóa	THG Arkitektar ehf.	
Cargo Express ehf.	Gull- og silfursmiðjan ehf.	L-7	og Skeiða	ThorShip	
	Gunnar Eggertsson hf.	Léttitækni ehf.			

Takk fyrir stuðninginn



Fengu verðlaun fyrir litla matarsóun

Nemendur í 9. bekk í Breiðholtsskóla í Reykjavík settu met þegar þeir dvöldu í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni síðastliðið vor. Þannig er að fylgst er með neyslu þeirra sem dvelja í búðunum og vigtað hvað miklum mat nemendurnir henda eftir hverja máltíð. Nemendurnir við Breiðholtsskóla hentu engum mat. Slíkt hefur aldrei sést í 15 ára sögu Ungmennabúða UMFÍ.

UMFÍ þakkaði nemendunum árangurinn. Jörgen Nilsson, forstöðumaður Ungmennabúðanna og frístundaleiðbeinandi, heimsótti nemendurna, sem nú eru í 10. bekk, á síðasta skóladegi fyrir jóla og gaf þeim öllum miða í keilu í Keiluhöllinni.



UMFÍ

NJÓTUM HÁTÍÐAR MEÐ GLEÐINA Í FYRIRRÚMI

Ungmennafélagsandinn hefur aldrei verið mikilvægari en einmitt nú. UMFÍ óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Takk fyrir stuðninginn

Þar sem jókulinn ber við loft...

Sumaropnun: 1.júní til 31.ágúst
Mánud-föstud: 07:00-21:00
Laugard-sunnud: 10:00-18:00



Sjálfboðaliðar endurnýja skíðasvæði Mývetninga

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Félagar í Ungmennafélaginu Mývetningi lögðu hönd á plóg í byrjun vetrar og hófu að gera við skíðalyftu sem hafði legið óhreyfð í fimm ár. Markmiðið er að halda upp á 20 ára afmæli lyftunnar í vor. Allt verkið er unnið í sjálfboðavinnu.

„Við erum hér vaskur hópur fólks við að koma skíðasvæðinu í gagn,“ segir Anton Freyr Birgisson þar sem hann hangir utan á einu af átta möstrum skíðalyftunnar við Mývatn þegar rætt er við hann.

Hann, eins og nærri allir í ferðaþjónustugeiranum á Íslandi, hafði lítið að gera eftir að ferðamennska lagðist nánast af þegar COVID-faraldurinn æddi yfir heimsbyggðina. Anton Freyr hefur síðastliðin 12 ár verið á fullu í ferðaþjónustugeiranum, nú síðast hjá ferðaskrifstofunni GeoTravel Iceland sem sérhæfir sig í jeppa- og vélsleðaferðum. En nú er lítið um að vera. Ferðaþjónustan er sérlega stór atvinnugrein í Mývatnssveit og því eru ýmsir í sömu sporum og Anton.

Anton og fleiri eru að taka allt skíðasvæðið í gegn. Búinn var til hópur á Facebook sem tengir fólkið saman. Alla jafna eru um 15–20 manns virkir í viðhaldinu.

Antoni telst til að verkið hafi tekið samtals 400 vinnustundir.

„Allir eiga sér hlutverk. Við erum búin að laga skíðaskálann, setja upp innréttingu svo að hægt er hita kaffi og hafa það notalegt í honum. Síðan erum við með troðara til að troða skíðabrekkuna og gönguskíðabrautirnar,“ segir hann en bætir við, að framkvæmdirnar hefðu aldrei orðið að veruleika án öflugra bakhjarla, sveitarfélagsins Skúta-staðahrepps og fyrirtækja í kring sem hafi stutt við starfið.

Anton segir allt tengt skíðasvæðinu unnið í sjálfboðavinnu og ungmennafélagsandinn sé leiðarljós í allri vinnunni.

„Heilsuspillandi þjónustulund og sjúkleg bjartsýni einkennir fólk í ferðaþjónustu. Við sjáum alltaf tækifærin. Nú gafst tækifæri til að sinna börnunum sínum og samfélaginu. Þetta er tækifæri sem við fáum aldrei aftur og við gripum það auðvitað. Ungmennafélagsandinn er allsráðandi,“ segir hann og bendir á að nærri allt efni, sem til þurfti til verksins, hafi verið gefið.

Fengu skíðalyftu gefins

Skíðaiðkun Mývetninga er rötgróin og vel þekkt. Skíðalyfta var hins vegar ekki á svæðinu um síðustu aldamót. Þorvaldur nokkur Þorsteinsson var þá nýfluttur austur yfir frá Siglufirði og honum fannst lyftuleysið í brekkunum ótækt. Þegar hann frétti af því að verið væri að rífa skíðalyftu Ármanns í Bláfjöllum, seint á tíunda áratug síðustu aldar, hafði hann samband við rétta aðila og fékk lyftuna gefins. Haldið var suður og komið með skíðalyftuna í bútum norður á flutningabílum.

„Það átti að henda lyftunni upp á einni helgi. En fólk leist sannast sagna ekki á blikuna þegar haugnum var sturtað á bílastæðið. Samt var farið í að gera og græja, stytta og laga lyftuna að skíðasvæði Mývetninga,“ segir Anton. Rúmlega tæplega tvö þúsund vinnustundum síðar var skíðalyftan komin upp. Hún var tekin formlega í notkun veturinn 2001.

Árið 2021 verða liðin 20 ár síðan gamla skíðalyfta Ármenninga var reist við Mývatn. Töluvert er farið að sjá á henni og hefur hún ekki verið í notkun síðastliðin fimm ár. Var svo komið að Vinnueftirlitið setti rekstraráðilum skíðasvæðisins afarkosti: Annaðhvort yrði stólalyftan endurnýjuð eða rifin.

Seinni kosturinn varð ofan á. Anton segir endurbæturnar á lyftunni núna heilmiklar. Þegar hlutir eru teknir úr henni eru þeir lagaðir og málaðir, allur öryggisbúnaður endurnýjaður og margt er á sömu lund. Framkvæmdaaðilar eru jafnframt í góðu sambandi við framleiðandann, franska fyrirtækið Poma, ef redda þarf varahlutum.

Stefnt er að því að skíðasvæðið verði tekið í notkun á næsta ári þegar 20 ár verða liðin frá því að eftirlitsaðilar gáfu ungmennafélaginu leyfi til að keyra lyftuna í fyrsta sinn.

„Þetta verður gaman. Ég á líka ung börn og mun nota skíðasvæðið næstu árin,“ segir Anton að lokum.

Gæði - alla leið!

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Fjölskyldurnar í Lambhaga eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Þau sinna bústörfum í fullri sátt við umhverfið. Með fyrsta flokks aðbúnaði tryggja þau að kjötið frá SS skilar sér í gæðum alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS - fyrir þig



Náttföt frá
2599,-

Mjúkar gjafir.
Fyrir þig og mig.

LINDEX